# Fundargerð 314. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi
**Fundardagur:** þriðjudagur 4. mars 2025
**Fundartími:** 17:00-17:50
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við trúnaðarmálum undir lið 8. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 297, dags. 26.02.2025**
   Lögð fram til kynningar. Engin mál í Flóahreppi.
2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 221, dags. 19.02.2025**
   Lagðar fram til kynningar.
3. **Endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps – Innsend tilboð**
   Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á fundi sínum dags. 02.05.2023 að ráðast í heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Á fundi sveitarstjórnar dags. 21.01.2025 samþykkti sveitarstjórn drög að tilboðsbeiðni sem send var á sjö aðila á landsvísu sem hafa unnið að aðalskipulagi fyrir sveitarfélög víðsvegar um landið.
   Alls bárust 6 tilboð í verkið:
   Efla
   Landform
   Landmótun
   Landslag
   Verkís
   VSÓ ráðgjöf
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka tilboði frá Landmótun í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps á grundvelli þess að um lægsta tímagjaldið er að ræða af innsendum tilboðum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi um verkefnið. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hratt verði gengið til verka og verk- og tímaáætlun framfylgt eins og kostur er.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
4. **Götuheiti í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg**
   Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að fara í gatnagerð í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg á árinu. Í gildandi deiliskipulagi nýrrar íbúðarbyggðar í Þingborg er gert ráð fyrir tveimur götum sem eru skilgreindar sem gata A og gata B.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að efna til samkeppni um nafn á tveimur götum í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg. Sveitarstjóra falið að auglýsa nafnasamkeppni á heimasíðu og miðlum sveitarfélagsins. Tillögum verði skilað á rafrænu formi í gegnum heimasíðu og mun sveitarstjórn velja nöfn á göturnar útfrá innsendum tillögum eigi síðar en á fundi sveitarstjórnar þann 1. apríl 2025. Veitt verður viðurkenning fyrir þær tillögur sem sveitarstjórn velur.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
5. **Fasteignasvið Flóahrepps – upplýsingar um ráðningar í störf**

Í febrúar var auglýst eftir tveimur starfsmönnum á fasteignasvið Flóahrepps. Annars vegar var auglýst eftir starfsmanni í um 40-60% starf og hins vegar í um 80-90% starf. Alls bárust 13 umsóknir um 40-60% starfið og 18 umsóknir bárust um 80-90% starfið. 10 aðilar voru boðaðir í viðtöl. Niðurstaða eftir yfirferð umsókna og viðtöl var að bjóða Hildi Kristínu Hallgrímsdóttur 40-60% starfið og Sveini Hafsteini Gunnarssyni 80-90% starfið og hafa þau þegið boð um starf hjá sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn þakkar öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga á störfum á fasteignasviði Flóahrepps og býður nýja starfsmenn velkomna í starfsmannahóp sveitarfélagsins.

6. **Fundargerðir**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 313, dags. 18.02.2025
   b) Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 13, dags. 12.11.2024 og nr. 14, dags. 11.02.2025
   Varðandi lið 2 í fundargerð um breytingu á skipulagi vegna stýrihóps um heilsueflandi samfélag í Flóahreppi þá er sveitarstjóra falið að vinna drög að breytingum þannig að verkefnabundna nefndin *stýrihópur um heilsueflandi samfélag í Flóahreppi* og þau verkefni sem undir nefndina falla færist undir fastanefndina íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd. Ofangreindar breytingar kalla á að erindisbréfi íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar verði breytt og að viðauki verði gerður við samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps sem tekur á breytingunum. Drög að breytingum verði lögð fyrir í sveitarstjórn til samþykktar.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   Varðandi lið 6 í fundargerð um að sveitarfélagið styrki heilsueflandi verkefnið *tónheilun* með því að gefa eftir húsaleigu þá samþykkir sveitarstjórn að fella niður húsaleigu til verkefnisins í félagsheimilum sveitarfélagsins út maí 2025, allt að 6 skipti.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   Varðandi lið 7 í fundargerð um hvatningu nefndarinnar um að strandblakvelli verði komið upp í sveitarfélaginu þá tekur sveitarstjórn jákvætt í þá hugmynd. Huga þarf að æskilegri staðsetningu á slíkum velli sem að mati sveitarstjórnar ætti að vera við Flóaskóla. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   c) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 17.02.2025
   d) Stjórnar Brunavarna Ánessýslu nr. 25, dags. 12.02.2025
   e) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 15. dags. 20.02.2025
   f) Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga dags. 13.02.2025
   g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 965, dags. 18.02.2025, nr. 966, dags. 19.02.2025, nr. 967, dags. 20.02.2025, 968, dags. 21.02.2025, nr. 969, dags. 24.02.2025 og nr. 970, dags. 25.02.2025
   h) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 21, dags. 27.01.2025
   i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 331, dags. 25.02.2025
   j) Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 26.02.2025

7. **Efni til kynningar**
   a) Frá Samtökum Orkusveitarfélaga – fundur með ráðherra og fréttatilkynning vegna lagabreytinga
   b) Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum – Yfirlýsing ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála
   c) Frá Innviðaráðuneytinu – Opið samráð um drög að frumvarpi til laga – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög

d) Frá Landsneti – Verk- og matslýsing vegna vinnu við gerð kerfisáætlunar 2025-2034
e) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Boðun XL. landsþing Sambandsins
Aðalmaður er Árni Eiríksson og varamaður er Walter Fannar Kristjánsson. Að auki á sveitarstjóri seturétt á landsþinginu.
f) Frá Innviðaráðuneytinu – Frestur til umsagnar framlengdur vegna draga að frumvarpi um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga
g) Viðbragðsáætlun Almannavarna – Samfélagsleg áföll, langtímaviðbrögð Flóahrepps
Sveitarstjórn mun fara nánar yfir viðbragðsáætlun Almannavarna á vinnufundi.
h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 18. mars kl. 17:00 í Þingborg og í beinu streymi.

**8. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*



**F L Ó A H R E P P U R**

480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Fundargerð nr. 156
# Fræðslunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| Fundarstaður: | Þingborg fundarsalur |
| Fundardagur: | Þriðjudagur 25. febrúar 2025 |
| Fundartími: | Flóaskóli 16:30-17:10<br>Sameiginlegt 17:10-17:20<br>Krakkaborg 17:20-18:30 |
| Fundarmenn: | Bjarni Stefánsson, formaður<br>Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður<br>Axel Páll Einarsson, ritari<br>Hjalti Guðmundsson, aðalmaður<br>Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður<br><br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla<br>Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla<br>Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs<br><br>Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar<br>Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar<br>Stefanía Ósk Benediktsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar |

Óundirritað

1. **Flóaskóli**

*Undir þessum lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.*

a) **Fréttir af skólastarfinu**

Nemenda og foreldra viðtöl eru ný yfirstaðin sem fóru bara vel eins og búist var við en auðvitað eru að koma fram vísbendingar um óöryggi og stress innan skólans vegna baráttu kennara í kjarasamningsviðræðum.

Jafnréttisþema var að fara af stað, yngsta og miðstig eru að setja af stað leikþátt, elstu krakkarnir skrifa og skila ritgerð um jafnrétti með áherslu á að meta hvað eru góðar heimildir og hverjar eru það ekki. Elsta stigið er að fara í skíðaferð og 7. bekkur er á Reykjum þessa viku, svo eitthvað sé nefnt í fréttum

b) **Samstarf Flóaskóla og framhaldsskólanna, og kynning á því.**

Samstarf er við FSu (Fjölbrautarskóla Suðurlands) og ML (Menntaskólann Laugarvatni).

Í báðum skólum er opið hús þar sem foreldrar/forráðamenn og nemendur 10.bekkjar eru boðnir velkomnir. Boðið er upp á stuttar kynningar á starfi skólanna og svo fær fólk tækifæri til að ganga um skólana og skoða húsakynnin. Í ár eru þessi opnu hús 13.mars og 9.maí hjá ML og þann 19. mars í Fsu. Annað hvert ár fara nemendur 9. og 10. bekkjar Flóaskóla á kynningardag í Menntaskólann á Laugarvatni. Kennarar frá Flóaskóla fara með nemendum. Kynningin er á haustmánuðum. Nemendur og kennarar ML kynna gestum staðinn, húsakynni, námsgreinar, aðbúnað og félagslíf. Eftir síðdegisverð í boði skólans er nemendum og starfsmönnum grunnskólanna boðið á söngkeppni skólans, Blítt og létt, kl. 18:00 og 20:30 í

íþróttahúsi skólans. Farið var á síðasta skólaári og stefnt á að fara á því næsta. FSu býður upp á kynningu fyrir 10. bekkinga á vorönn, þá fara umsjónarkennari og námsráðgjafi með hópnum í heimsókn þar sem nemendur fá kynningu og skoðunarferð um skólann. FSu býður kennurum á elsta stigi í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og raungreinum til samráðsfundar í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Tilgangur fundarins er að stuðla að og efla samtal milli skólastiga. Gefa kennurum tækifæri til að bera saman bækur og skiptast á skoðunum. Skoða uppbyggingu námsins og innihald, fjarnámið sem nemendur úr þessum skólum stunda við FSu, kennsluaðferðir, námsgögn og námsmat svo fátt eitt sé nefnt. Því miður varð ekki af þessum fundi á yfirstandandi skólaári vegna verkfalls kennara í FSu.

Nemendum í unglingadeild sem sýna framúrskarandi árangur í einni eða fleiri bóklegum greinum stendur til boða að útskrifast fyrr úr skólanum í þeim greinum og stunda fjarnám frá FSu eða öðrum framhaldsskóla í viðkomandi greinum. Þau sinna þá framhaldsskólanámi sínu sjálfstætt í skólanum. Enginn nemandi í Flóaskóla er í fjarnámi við framhaldsskóla á þessu skólaári.

Á síðasta skólaári og nokkur fyrri ár hefur nemendum í 10. bekk staðið til boða að stunda verknám í FSu í staðinn fyrir tvær kennslustundir í valgreinum í Flóaskóla. FSu bauð ekki upp á slíkt verknám á þessu skólaári.

Kennurum/starfsfólki Flóaskóla er boðið í FSu til að ræða málefni nemenda sem eiga við námsörðugleika að etja og fá kynningu á námsleiðum og íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Gerð er tilfærsluáætlun vegna nemenda sem fara inn á sérnámsbraut FSu. Nemendum sem upplifa óöryggi vegna skólaskiptanna er boðið í heimsókn í FSu með kennara, námsráðgjafa eða þroskaþjálfa.Námsráðgjafi er með fræðslu fyrir 10. bekk um framhaldsnám og framhaldsskóla. Nemendur vinna verkefni og eru síðan með kynningu fyrir samnemendur. Annað hvert ár fara nemendur í 9. og 10. bekk á Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu sem haldið er í Laugardalshöll. Mótið er haldið í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið, sveitarfélög og fagfélög iðn- og starfsgreina. Þar gefst einstakt tækifæri til að skoða námsleiðir framhaldsskólana, kynnast iðngreinum, spjalla við nemendur skólanna og jafnvel prófa handtökin sjálf.

c) **Fyrirkomulag skólaheilsugæslu.**

Skólahjúkrunarfræðingur kemur fyrir hádegi mánudaga og fimmtudaga. Skólahjúkrunarfræðingur hefur ákveðin verkefni innan árgangana þ.e.a.s. bólusetningar, hæðar mælingar, heilsufars skoðanir, tannhirðu og almenna fræðslu fyrir hvern árgang fyrir sig.

d) **Önnur mál.**

Fræðslunefnd vill fylgja því eftir að innra mat leik- og grunnskóla verði birt opinberlega ásamt áætlun um umbætur. Skólastjóri bendir á að innra mat grunnskólans sé á heimasíðu Flóaskóla.

2. **Sameiginlegt**

*Undir þessum lið sátu Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir, Catharina Krentel, Sara Guðjónsdóttir, Stefanía Ósk Benediktsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.*

a) **Skóladagatal skólanna**

Fyrstu drög að skóladagatölum fyrir skólaárið 2025-2026 og samræming á milli skólanna voru rædd og útskýrð fyrir nefndinni. Dagatölin eru rædd á kennarafundum og í skólaráði, rædd í foreldraráði og verða svo samþykkt hjá fræðslunefnd á aprílfundi.

b) **Bókanir sveitarstjórnar**

Fræðslunefnd og skólastjórnendur stefna að því að rýna núverandi stefnu í vor eða haust og taka þá málið fyrir að nýju. Að sögn sveitarstjóra varð umræða um „stefnuna í sveitarstjórn og tengsl skólastefnunnar við stefnu sveitarfélagsins en þær „kallast á" og þurfa að gera það áfram þannig að miklar breytingar á skólastefnunni gætu kallað á að stefna sveitarfélagsins sé tekin fyrir líka."

c) **Önnur mál**
Engin önnur mál.

3. **Krakkaborg**

*Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir, Stefanía Ósk Benediktsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.*

*a)* **Fréttir af skólastarfinu.**
Lokað var leikskólanum vegna veðurs en að gefnu tilefni þarf að koma fram að leikskólinn lokar aldrei nema með samráði við sveitarstjóra. Yfirfara þarf upplýsingar á heimasíðu leikskólans sem varða lokanir og mun leikskólastjóri gera það.
Opið hús var 13. febrúar sem var vel heppnaður og mikil mæting, skyndihjálparnámskeið verður haldið fyrir elstu nemendur í næstu viku.
Mikil sorg var í leikskólanum í dag þegar uppáhalds leiktæki barnanna var rifið og hent. Leikskólastjóri og fræðslunefnd eru sammála um það að þetta er alveg óviðunandi ástand að vera ekki með eitthvað leiktæki. Skorum við á sveitastjórn Flóahrepps að bregðast við með einhverju bráðabirgða eða færanlegu leiktæki fyrir börn leikskólans.

b) **Fyrirkomulag skólaheilsugæslu**
Ekki er um skólaheilsugæslu að ræða í leikskólanum enda ekki lagaskylda til þess eins og í grunnskólanum. Hins vegar er hjúkrunarfræðingur í nemendaverndarráði.

c) **Önnur mál**
Fjallað um að innra mat í leikskólanum ætti að vera aðgengilegt. Sara mun seta það inn á heimasíðu Krakkaborgar.
Einhver bilun hefur verið í kyndingu en verið tilkynnt til þeirra aðila sem við á.

## Fundargerð nr. 31
## Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur
**Fundardagur:** Þriðjudagur 11.03.2025
**Fundartími:** 8:15-10:00
**Fundarmenn:** Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn undir lið 1 í fjarfundi og Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið 2.

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Verkefni hjá Berki Brynjarssyni ráðgjafa**
   a) **Staðan á íbúðarbyggð í Vestur Meðalholtum m.t.t vatnsveitu ofl.**
   75mm lögn frá Súluholti að Rimahverfi. Reiknað með að leggja inn 75mm áfram inn í nýja hverfið, ca 1,2 km og að sú lögn nái út í veghelgunarsvæði á endanum þannig að hægt sé að tengjast við hana síðar án þess að það verð rask innan svæðisins. Landeigendur eru ákveðnir í að taka inn ljósleiðara strax fyrir allt hverfið og munu greiða raunkostnað fyrir þær tengingar. Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Flóaljóss mun teikna upp grunn fyrir ljósleiðarann og kostnaðarmeta tengingar fyrir svæðið.

   *Berki Brynjarssyni falið að kostnaðarmeta heildar framkvæmd vegna vatnsveitu innan íbúðarbyggðar í Vestur Meðalholtum fyrir næsta fund nefndarinnar og gera tillögu að fjölda teninga sem framkvæmdaaðili greiðir fyrir í upphafi. Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að settar verði inn kvaðir um lagnir á lóðarblöð. Einnig óskar nefndin eftir því að fá verk- og tímaáætlun frá framkvæmdaaðila vegna verkefnisins. Sveitarstjóri mun hafa samband við framkvæmdaaðila vegna ofangreindra atriða og kalla til samráðsfundar þeirra aðila sem að verkinu koma fyrir næsta fund framkvæmda- og veitunefndar.*

   b) **Kortagrunnur vatnsveitu**
   Búið að funda með verktökum í vatnsveitu og fara yfir allan grunninn. Börkur Brynjarsson mun fara betur yfir þær upplýsingar sem eru komnar í grunninn og svo fer grunnurinn birtur inni á map.is/sudurland. Fara þarf yfir hvaða lagnir eru innmældar og hverjar ekki.
   *Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að verktakar sem sinna nýframkvæmdum og viðhaldi í vatnsveitunni setji inn gps punkta þar sem viðgerðir eru gerðar svo að betri yfirsýn náist yfir veituna og stöðu hennar.*

   c) **Handbók vegna vatnsveitu**
   Miðað var við að handbókin væri klár til yfirlestrar fyrir lok febrúar. Verið er að leggja lokahönd á handbókina og vantar aðallega að klára kafla um áhættugreiningu.

*Berki Brynjarssyni falið að kára handbókina í mars og fá heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til að lesa handbókina yfir áður en hún verður staðfest af nefndinni á næsta fundi nefndar.*

d) **Samráð við verktaka í vatnsveitu vegna verkefna ársins**
Börkur Brynjarsson fór yfir verkefni ársins með verktökum í vatnsveitu en sveitarstjóri sendi verktökum upplýsingar um þau verkefni sem samþykkt hefur verið að fara í á árinu 2025.
*Framkvæmda- og veitunefnd kallar eftir minnispunktum af fundi með verktökum þar sem fram koma upplýsingar um verkefni og viðmið um verklok hvers verkefnis.*

Rætt var um önnur verkefni í vatnsveitunni sem þarf að gera ráð fyrir á næstu árum:

- Styrkja þarf lagnir/svera lagnir frá Ruddakróki – Æskilegt að setja á áætlun 2026
- Á næstu árum mun þurfa að fara í framkvæmdir við 90 eða 110mm lögn til að sækja vatn frá lögn við hringveg/Uppsali og styrkja þannig kerfið á þessu svæði og neðar í sveitarfélaginu. Þá næst hringtengina á Súluholtslögnina og sá leggur styrkist.
- Vinna þyrfti verkferil vegna uppbyggingar og framkvæmda á vegum einkaaðila.
- Fara þarf í heðbundið viðhald á dæluskúrum vatnsveitunnar, sérstaklega á Neistastöðum og við Þingborg.

*Sveitarstjóri mun fela starfsmönnum á fasteignasviði að sinna viðhaldi á dæluskúrum. Vinna við gerð verkferils ætti heima hjá verkefnastjóra verklegra framkvæmda þegar hann hefur verið ráðinn hjá sveitarfélaginu.*
*Gera þarf ráð fyrir styrkingu við Ruddakrók á fjárhagsáætlun 2026 og setja lögn frá hringvegi að Súluholtsvegi á 5 ára áætun.*

2. **Verkefni sem snúa að fasteignasviði Flóahrepps**

a) **Pallasmíði við Flóaskóla**
Verktaki er kominn af stað í pallasmíði við Flóaskóla. Gert ráð fyrir því að pallasmíði verði lokið fyrir páska.

b) **Breytingar í Þingborg**
Drög að teikningu frá Sigurði Unnari Sigurðssyni verkfræðingi liggur fyrir.
Athugasemdir varðandi hurð í íþróttaáhaldageymslu og stólageymslu sem búið er að koma til hönnuðar.
Sveitarstjóri hefur sent fyrirspurn á nágrannasveitarfélag vegna íþróttadúks og á von á svari á næstu dögum.
Rætt um hvort skoða eigi lyftu í stað ramps vegna hjólastólaaðgengis á skrifstofu. Á núverandi teikningu er teiknaður aflíðandi rampur en að mati nefndarinnar tekur rampurinn mikið pláss í anddyrinu.
Þegar lokateikning liggur fyrir varðandi burðarbitann þá þarf að láta smíða hann.
Huga þarf að því að fá aðila til að klára brunahönnun og endurskoða flóttaleiðir þegar loka hönnun liggur fyrir.

*Sveitarstjóri mun senda fyrirspurnir á 3-5 aðila vegna brunahönnunar. Sveitarstjóri mun einnig kalla eftir ítarlegri teikningum / plamyndum frá hönnuði fyrir næsta fund nefndarinnar og koma ofangreindum athugasemdum á hönnuð.*

Lögð áhersla á að umsjónarmaður fasteigna geri verðfyrirspurnir og sendi á nokkra aðila varðandi hvern verkþátt. Framkvæmdir/undirbúningur framkvæmda þarf að geta hafist 1. september og því mikilvægt að reyna að tryggja verktaka sem fyrst. Engin starfsemi verður í Þingborg á meðan á breytingum stendur.

c) **Breytingar í Þjórsárveri:**
Sigurður Unnar Sigurðsson er að vinna í teikningum vegna breytinga á salernum og anddyri í Þjórsárveri.
Umsjónarmaður fasteigna er kominn með verktaka til að taka þetta verkefni að sér í sumar. Þegar búið er að samþykkja teikningar þá er hægt að fara að undirbúa þær framkvæmdir.
Rætt um að innan fárra ára þyrfti að huga að endurnýjun á aðalhurð og skyggni yfir hurð í Þjórsárveri. Gott væri að huga að vindfangi en þær framkvæmdir gætu farið fram á sama tíma og klæðning verður endurnýjuð sem þarf að huga að á næstu árum.

d) **Byggingarstjóri vegna breytinga í Þingborg og Þjórsárveri**
Ljóst er að byggingarstjóri þarf að vera vegna breytinga í Þingborg. Óvíst hvort það þurfi vegna breytinga í Þjórsárveri en það fer eftir því hversu umfangsmiklar breytingar verða þar.
*Sveitarstjóri mun senda fyrirspurn á nokkra byggingarstjóra innan Flóahrepps sem eru með þau réttindi sem til þarf. Ef fyrirspurnir skila ekki árangri þá verði auglýst eftir byggingarstjóra fyrir verkefnin.*

3. **Drög að reglum um lóðaúthlutanir í Flóahreppi**
Frestað til næsta fundar.

4. **Önnur mál:**
a) **Staða vegna íbúðarbyggðar í Þingborg**
Efla er að vinna frumhönnun á gatnagerð og fráveitu. Búin að drónamynda allt svæðið. Nafnasamkeppni í gangi og í kjölfarið mun skipulagsfulltrúi stofna allar lóðir. Fyrirhuguð uppbygging á svæðinu hefur strax vakið athygli.
b) **Auglýsing vegna verkefnastjóra verklegra framkvæmda í Flóahreppi**
Auglýsing var birt 7. mars og er umsóknarfrestur út 24. mars.
c) **Kostnaður við aðkeypta ráðgjöf**
Sveitarstjóri taki saman kostnað við aðkeypta ráðgjöf vegna verklegra framkvæmda og vatnsveitu síðustu 2-3 ár.

**Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 1. apríl kl. 8:15 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*



RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 12.3.2025 09:55:03
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Haraldur Einarsson
Kt. 2409873769
Dags. 12.3.2025 09:57:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 12.3.2025 12:08:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heimir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 14.3.2025 08:59:55
Ástæða: Undirritun

## Hulda Kristjánsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Anný Ingimarsdóttir |
| **Sent:** | þriðjudagur, 4. mars 2025 16:51 |
| **To:** | Hulda Kristjánsdóttir; Sylvía Karen Heimisdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Ásta Stefánsdóttir; fjola@gogg.is |
| **Cc:** | Gunnlaug Hartmannsdóttir |
| **Subject:** | Fundargerð fagnefndar SVá frá 4 mars 2025 |
| **Attachments:** | Fundargerð 4. fundur fagnefndar SVÁ 04.03.2025. ásamt fylgigögnum.pdf |

Sælar hjálagt er fundargerð fagnefdnar frá 4 fundi nefndarinnar sem haldin var í dag, einnig eru fylgigjögn sem voru lögð fram á fundinum. Við viljum vekja sérstaklega athygli á lið 2 í fundargerð og mikilvægi þess að við deildarstjórar sem eru jafnframt innleiðingarstjórar farsældar hafi skýrt og fullt umboð til að fara í þessa vinnu. Gott væri að fá staðfestingu frá ykkur að við getum byrjað strax að mynda þennan stýrihóp eða hvort það þurfi að bíða eftir að fundargerð verði tekin fyrir í sveitarstjórn.
Kv. Anný og Gunnlaug

*Með kveðju*
*Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi*
*deildarstjóri velferðarþjónustu*
*Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings*
*Launrétt 6, Laugarási – 806 Selfoss*
*Sími: 480-1180*
*anny@arnesthing.is*
*www.arnesthing.is*

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr. laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

ALMENN FUNDARGERÐ Fagnefnd Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings

**4. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógabyggð.**

**Fundinn sátu:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða-og Gnúpverjahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes-og Grafningshreppi). Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð)

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritar fundargerð

**Dagskrá:**

1. **Tillaga að hækkun fjárhagsaðstoðar og breyttum gjaldskrám**
   Lagt er fram minnisblað frá deildarstjóra velferðarþjónustu um tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu.

   a) Nefndin leggur til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar fyrir einstakling sem rekur heimili verði hækkuð úr 206.308 kr í 214.770 kr. á mánuði frá og með 1. apríl 2025. Um leið hækka aðrir kvarðar sem tilgreindir eru í 11. gr. reglna skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings um fjárhagsaðstoð. Eftir breytingar mun 11. gr. hljóða svo:

*11. gr.*

*Upphæðir fjárhagsaðstoðar*

*Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðastvið grunnfjárhæð kr. 206.380.-. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:*

*Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða kr. 214.770.-. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.*

*Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, í foreldrahúsum eða leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða kr. 171.816.-*

*Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum, eiga við félagslega erfiðleika að etja, eru inniliggjandi á sjúkrastofnun eða í áfengis- og vímuefnameðferð er 0,45 eða kr. 96.647.- Hafi umsækjandi samkvæmt ofangreindum lið forsjá barns, skal hann reiknast út frá framfærslugrunni 0,8 af grunnfjárhæð.*

GH

TH SS SR
AS BV ÁI

*Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða kr. 343.632.-*

b) Nefndin leggur til að greiðslur til stuðningsfjölskyldna á vegum barnaverndar/velferðarþjónustu (sem ekki eru í gegnum Bergrisann) verði hækkaðar úr 28.738 kr. í 30.130 kr. á sólarhring frá og með 1. apríl 2025. Bergrisinn ákvarðar upphæðir vegna stuðningsfjölskyldu í málefnum fatlaðra barna.

c) Nefndin leggur til að gjaldskrá heimsendingu matar og aðstoð við þrif hækki frá og með 1. apríl 2025. Lægra gjaldið hækkar úr 728 kr. í 758 og hærra gjaldið hækki úr 1.032 kr. í 1.074 kr.

d) Nefndin leggur til að gjaldskrár fyrir fargjald í ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða hækki í samræmi við gjaldskrá Strætó, þar sem fargjald fyrir öryrkja og aldraða sem ferðast með almenningssamgöngum er tekið til greina. Strætó skilgreinir ákveðin gjaldsvæði á landsbyggðinni og gjöld eru reiknuð út frá þessum gjaldsvæðum, þar sem eitt gjaldsvæði kostar 300 kr.
Lagt er til að nýja gjaldskráin taki gildi frá og með 1. apríl 2025 og verði eins og hér segir:

- Flóahreppur – Selfoss: 600 kr. (gjaldsvæði 2 )
- Borg í Grímsnesi – Selfoss: 900 kr. (gjaldsvæði 3)
- Sólheimar – Selfoss: 1.200 kr. (gjaldsvæði 4)
- Brautarholt – Selfoss: 1.200 kr. (gjaldsvæði 4)
- Laugavatn – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
- Laugarás – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
- Reykholt – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
- Flúðir – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
- Árnes – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)

***Bókun:***
*Tillögur og afgreiðsla fagnefndar er vísað til staðfestingar hjá aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.*

**2. Innleiðing farsældar – staða mála**

Deildarstjórar/innleiðingarstjórar SVÁ kynntu stöðu mála við innleiðingu farsældarlaga. Upplýsingar um farsæld barna er komin á heimasíðu SVÁ og vinna við úrræðalista er langt komin. Stuðningsefni frá Barna- og fjölskyldustofu hefur aukist mjög mikið og t.d. var gefin út handbók fyrir innleiðingarstjóra í október 2024. Þar er m.a. lögð áhersla á að komið sé á fót stýrihóp farsældar sem er skipaður starfsfólki sveitarfélags/stofnana með ólíkan bakgrunn sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur.

TH ASB SS SR LH AI

Skóla- og velferðarþjónusta
ÁRNESÞINGS

***Bókun:***
*Fagnefnd leggur til að skipað verði í stýrihóp samkvæmt handbók um innleiðingu farsældar og innleiðingarstjórar geri tillögu um hverjir eigi sæti í stýrihóp og kynni fyrir fagnefnd og aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.*

3. **Kynning á samstarfsverkefni skólaþjónustu og Heilsugæslunnar í Laugarási**
Heilsugæslan í Laugarási hefur óskað eftir samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu um verklag við tilvísun barna sem fengið hafa greiningu á ADHD til barnalæknis. Haldinn verður samráðsfundur með fulltrúum SVÁ, heilsugæslunnar og stjórnenda og stoðþjónustu grunnskóla í uppsveitum Árnessýslu 10. mars n.k.

4. **Samstarfssamningur á sviði endurhæfingar**
Samstarfssamningur um endurhæfingu er lagður fram til kynningar. Samningurinn felur í sér samstarf milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK, Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðvar. Samningurinn var undirritaður 31. október 2024 af deildarstjóra velferðarþjónustu Árnesþings fyrir hönd aðildarsveitarfélaga. Samstarfið miðar að því að tryggja rétta þjónustu og samfellu í endurhæfingu, með áherslu á færni einstaklinga til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Sex samhæfingarteymi verða stofnuð fyrir mismunandi landshluta, og skiptast þannig: Reykjavík, Kraginn, Vesturland/Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland/Suðurnes. Deildarstjóri velferðarþjónustu er fulltrúi í samhæfingarteyminu fyrir hönd Árnesþings. Teymisstjóri verður starfsmaður Tryggingastofnunar sem fer með ábyrgð á fundum, gögnum og fundargerðum. Fyrsti fundur hefur þegar verið haldinn.

5. **Undanþága frá Barnaverndarþjónustu**
Lagt er fram til kynningar bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, dagsett 14. janúar 2025, þar sem fram kemur að sveitarfélögunum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. er veitt undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu til 15. mars 2025. Ráðuneytið óskar eftir samstarfi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu og leggur til að formlegar viðræður verði hafnar við önnur sveitarfélög um sameiginlega barnaverndarþjónustu.
Stjórn SVÁ fjallaði um málið á stjórnarfundi þann 23. janúar sl. og fól deildarstjóra velferðarþjónustu að hefja samtal við Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus um formlegt samstarf um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu. Í ljósi þessa veitti ráðuneytið lengri frest til 15. apríl nk. Viðræður við þessi tvö sveitarfélög um samstarf eru nú þegar hafnar og málið er í vinnslu.

6. **Húsnæðismál SVÁ**
Kynntar umræður um húsnæðismál sem fram hafa farið í stjórn SVÁ.

7. **Starfsmannamál**
Ítrekað hafa verið auglýst laus störf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem ekki hefur borið árangur. Tveir verktakar eru starfandi hjá velferðarþjónustunni og sinna einstaklingsmálum auk sálfræðings sem starfar fyrir skólaþjónustuna.

TH SS SR
GH ASS GV AT

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 15:45

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Steinar Sigurjónsson

Bjarney Vignisdóttir

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Trausti Hjálmarsson

Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir

# 82. stjórnarfundur Bergrisans bs.

24.2.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson. Elliði Vignisson var fjarverandi.
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Fundargerð Þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 187. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

#### 1.a. Erindisbréf samráðshóps

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.

Þjónusturáð leggur til að hvert þjónustusvæði skipi samráðshóp á grundvelli laganna.

Stjórn er sammála niðurstöðu þjónusturáðs og felur verkefnastjóra að koma upplýsingum áleiðis til sveitarfélaga/þjónustusvæða.

#### 1.b. Starfsreglur þjónusturáðs

Þjónusturáð hefur lagt fram tillögu að breytingu á starfsreglum ráðsins. Í 2. gr. núgildandi reglna segir:
„Þjónusturáð fundar að jafnaði aðra hverja viku og skilar fundargerðum til stjórnar Bergrisans bs. Fundargerðir þurfa samþykki stjórnar Bergrisans og teljast þá hafa öðlast gildi."

Lagt er til að breyta ofangreindu ákvæði og er ný tillaga eftirfarandi: „Þjónusturáð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og skilar fundargerðum til stjórnar Bergrisans bs. Fundargerðir þurfa samþykki stjórnar Bergrisans og teljast þá hafa öðlast gildi."

Stjórn samþykkir framangreinda breytingu á starfsreglum Þjónusturáðs.

### 1.c. Beiðni um aukningu á stöðugildi á VISS Hvolsvelli

Hjá VISS á Hvolsvelli starfa nú ellefu fatlaðir einstaklingar í vinnu (þjónustu). Leiðbeinendur eru þrír og eru stöðugildin samtals 1,73. Óskað eftir fjórða leiðbeinandanum í 0,55 stöðugildi vegna aukinnar þjónustuþyngdar á vinnustaðnum og fjölgunar starfsmanna. Er sú beiðni í takt við þróun mönnunar á öðrum VISS eininingum á starfssvæðínu.

Sótt er um 0,55 stöðugildi til viðbótar við núverandi 1,73. Kostnaður við aðgerðina eru 5 mkr. á ársgrundvelli. Þjónusturáð leggur til við stjórn að samþykkja tillöguna.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

### 1.d. Umsókn um beingreiðslusamning 105235

Umsækjandi með auðkennið 105235 sækir um beingreiðslusamning. Viðkomandi er með samþykkta stoðþjónustu sem nemur um 50 tímum á mánuði til viðbótar við 70 tíma í stuðningsþjónustu eða 120 tíma alls á mánuði í þjónustu. Sótt er um aukingu á tímafjölda að 180 klukkustundum á mánuði. Kostaðarauki vegna þjónustunnar eru 413.940 kr. á mánuði eða 4.967.280 kr. á ári. Heildarkostnaður samnings er 1.241.820 kr. á mánuði eða 14.901.840 á ári. Kostnaðarhlutdeild Bergirsans bs. eru kr. 9.934.560 kr. Einstaklingur er einnig starfsmaður á VISS og leggur þjónusturáð til að umsóknin sé samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

## 2. Styrkur vegna úttektar á Emblu ses.

Verkefnastjóri kynnir styrkumsókn til Jöfnunarsjóðs vegna úttektar á Emblu Ses. sem rekur úrræði að Andrastöðum. Áætlað er að úttektin kosti rúmlega 1 mkr. og er lagt til að sækja um styrk til Jöfnunarsjóðs fyrir öllum kostnaðinum.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur starfsmönnum að ganga frá styrkumsókninni.

## 3. Styrkir til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2025-2026

Skrifstofustjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar á úthlutun styrkja vegna aðgengismála. Í samráði við starfsmenn Jöfnunarsjóðs er lagt til að umsóknir fari ekki í gegnum Bergrisann heldur fari beint frá sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs. Jöfnunarsjóður gefur þá út hámarksstyrkupphæð á hvert sveitarfélag m.v. höfðatölu og getur hvert sveitarfélag sótt um styrk til Jöfnunarsjóðs hvenær sem er á tímabilinu. Sé einhver hluti af styrknum á svæðinu ónýttur í lok tímabils (desember 2026) þá geta önnur sveitarfélög óskað eftir viðbótarframlagi umfram höfðatölu.

Stjórn samþykkir tillöguna.

## 4. Sólheimar

Rætt um málefni Sólheima. Starfsmönnum falið að vinna málið áfram og afla frekari upplýsinga.

## 5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 14:27.

Classification - Internal

# Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 27.02.2025
Tími: 17:54:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f78e999-408d-4b63-a904-fcaec2bb2b5d

Sandra Sigurðardóttir

Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 27.02.2025
Tími: 17:48:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f78e999-408d-4b63-a904-fcaec2bb2b5d

Bragi Bjarnason

Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 06.03.2025
Tími: 14:15:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f78e999-408d-4b63-a904-fcaec2bb2b5d

Eggert Valur Guðmundsson

Undirritað af:
Eggert Valur Guðmundsson
1508633179
Dags: 27.02.2025
Tími: 17:31:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f78e999-408d-4b63-a904-fcaec2bb2b5d

# Fundargerð 964. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 7. febrúar kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjaramál - 2406015SA**

   Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjarasamningsviðræðna við Kennarasamband Íslands.

Fundi var slitið kl. 18:10

# Fundargerð 971. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 28. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501004SA**

   Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024, sbr. 7. tölulið fundargerðar 963. fundar stjórnar Sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2025, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

   *Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 með stafrænni undirritun sinni.*

2. **Ársreikningur Bakhjarls Sambandsins 2024 - 2501005SA**

   Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 8. tölulið fundargerðar 963. fundar stjórnar Sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2025, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

   *Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 með stafrænni undirritun sinni.*

3. **Kjarasamningar - 2406015SA**

   Formaður samninganefndar gerði grein fyrir stöðu kjarasamningsviðræðna sem og samkomulagi við Kennarasamband Íslands. Aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri Sambandsins gerði einnig grein fyrir viðræðum við ríkið.

Fundi var slitið kl. 12:00

**Fundargerð nr. 212**

**212. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams 11.3.2025, kl. 8:15**

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. **Ársreikningur 2024**
   Helga Sighvatsdóttir fór yfir ársreikning fyrir stjórn.
   Stjórn samþykkir ársreikning Tónlistarskóla Árnesinga með rafrænni undirritun.

2. **Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs.**
   Stjórn fór yfir drög að samþykktum , nokkrar athugasemdir komu upp. Þessum athugasemdum verði komið áfram til vorfundar Héraðsnefndar.

3. **Tónlistarkennsla í fangelsum.**
   Beiðni kom frá Hildi Björgu Vilhjálmsdóttur námsráðgjafa hjá FSu, um hvort hægt væri að koma á fót tónlistarnámi í fangelsinu á Litla Hrauni með einhverju móti.

   Stjórn tekur jákvætt í erindið og vill skoða það frekar með tilliti til kostnaðar og mönnunar.

4. **Biðlistar**
   Eins og stendur eru 39 í bið þar af 20 í Árborg. Síðasta haust voru biðlistar nánast tæmdir.
   Það er greinileg viðspyrna í eftirspurn eftir tónlistarnámi.
   Stjórn vill lýsa yfir ánægju sinni með það að Flóahreppur auglýsti tónlistarnám fyrir vorönn og komu 15 nemendur inn eftir það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:30 / SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson*
*Erla Sif Markúsdóttir*
*Sveinn Ingi Sveinbjörnsson*
*Helga Sighvatsdóttir*
*Jóhann I. Stefánsson*

Qualified Electronic Signature
HELGA SIGHVATSDÓTTIR
Personal code: 200862-4739
2025-03-11 08:52:12 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
SVEINN INGI SVEINBJÖRNSSON
Personal code: 230687-2349
2025-03-11 08:52:56 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
KJARTAN BJÖRNSSON
Personal code: 040965-4599
2025-03-11 08:54:07 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
ERLA SIF MARKÚSDÓTTIR
Personal code: 050289-2309
2025-03-11 13:53:11 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
FRIÐRIK EINARSSON
Personal code: 170780-4699
2025-03-11 14:55:35 GMT
Purpose: Signature

# Tónlistarskóli Árnesinga bs.

## Ársreikningur 2024

Tónlistarskóli Árnesinga bs.
Eyravegi 9
800 Selfoss

Kt. 660269-1269

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun stjórnar og skólastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og skólastjóra

Á árinu 2024 varð breyting á rekstrarformi tónlistarskóla á vegum sveitarfélaga á Suðurlandi með tilkomu nýrra samþykkta, og er skólinn orðinn byggðasamlag sveitarfélaga í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og ber heitið Tónlistarskóli Árnesinga bs. Tónlistarskóli Árnesinga bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að standa að rekstri tónlistarskóla í Árnessýslu í umboði aðildarsveitarfélaga. Aðildarsveitarfélögin eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus.
Rekstrartekjur skólans námu 397 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 4 millj. kr. milli ára eða um 1%. Rekstrarniðurstaða skólans var neikvæð á árinu 2024 um 5 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 308 millj. kr. (2023: neikvætt um 303 millj. kr.).

Meðalfjöldi starfsmanna skólans á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 25,6 (2023: 27,3).

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus bera ábyrgð á skuldbindingum Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Þrátt fyrir neikvæða rekstrarniðurstöðu undanfarin ár og neikvætt eigið fé þá teljum við ekki verulega óvissu um rekstrarhæfi byggðasamlagsins þar sem reksturinn er tryggður með framlögum aðildarsveitarfélaga ár hvert.

Stjórn og skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga bs. hafa í dag rætt ársreikning skólans fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Selfossi, 11. mars 2025

Stjórn:

Kjartan Björnsson
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson
Erla Sif Markúsdóttir

Skólastjóri:

Helga Sighvatsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 11. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Tónlistarskóla Árnesinga bs. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Tónlistarskóla Árnesinga bs. 31. desember 2024 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð skólanum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og skólastjóra á ársreikningnum

Stjórn og skólastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og skólastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi skólans og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa skólann upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og skólastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits skólans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og skólastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi skólans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert skólann órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 11. mars 2025

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur árið 2024

| | Skýr. | 2024 | Fjárhags áætlun | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | 9 | 348.075.836 | 351.312.000 | 345.764.165 |
| Skólagjöld | | 49.052.706 | 50.000.000 | 47.494.876 |
| Aðrar tekjur | | 100.000 | 0 | 250.000 |
| | | 397.228.542 | 401.312.000 | 393.509.041 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 10 | 337.769.898 | 339.839.000 | 339.143.980 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 17 | 26.354.261 | 22.500.000 | 43.190.534 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 38.020.686 | 38.463.000 | 37.879.259 |
| Afskriftir | 12 | 1.289.105 | 947.000 | 1.025.133 |
| | | 403.433.950 | 401.749.000 | 421.238.906 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 6.205.408) | ( 437.000) | ( 27.729.865) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 2.592.710 | 168.000 | 1.740.334 |
| Vaxtagjöld | | ( 1.473.794) | ( 1.529.000) | ( 2.134.035) |
| | | 1.118.916 | ( 1.361.000) | ( 393.701) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | 15 | ( 5.086.492) | ( 1.798.000) | ( 28.123.566) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | 14.124.518 | 10.816.199 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 13 | 3.138.892 | 3.413.832 |
| Fastafjármunir | | 17.263.410 | 14.230.031 |
| Viðskiptakröfur | | 537.912 | 448.175 |
| Óinnheimt framlög sveitarfélaga | | 3.941.205 | 15.928.937 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 13 | 274.940 | 274.940 |
| Aðrar skammtímakröfur | 14 | 611.054 | 1.932.086 |
| Handbært fé | | 63.450.960 | 53.251.933 |
| Veltufjármunir | | 68.816.071 | 71.836.071 |
| **Eignir samtals** | | 86.079.481 | 86.066.102 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | | ( 308.317.078) | ( 303.230.586) |
| Eigið fé | 15 | ( 308.317.078) | ( 303.230.586) |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 16 | 17.799.217 | 18.755.631 |
| Lífeyrisskuldbinding | 17 | 307.695.548 | 307.198.482 |
| Langtímaskuldir | | 325.494.765 | 325.954.113 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 1.851.240 | 1.722.390 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 17 | 24.820.276 | 23.093.611 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.072.377 | 769.552 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 16.520.127 | 6.855.486 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 24.637.774 | 30.901.536 |
| Skammtímaskuldir | | 68.901.794 | 63.342.575 |
| Skuldir samtals | | 394.396.559 | 389.296.688 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 86.079.481 | 86.066.102 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 15 | ( 5.086.492) | ( 28.123.566) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 12 | 1.289.105 | 1.025.133 |
| Áfallnar verðbætur langtímalána | | 948.445 | 1.591.768 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 17 | 26.354.261 | 43.190.534 |
| Veltufé frá rekstri | | 23.505.319 | 17.683.869 |
| | | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun | 13 | 274.940 | 274.940 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 13.219.027 | ( 17.201.941) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 3.703.704 | ( 2.481.324) |
| Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar | 17 | ( 24.130.530) | ( 21.210.256) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 6.932.859) | ( 40.618.581) |
| | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 16.572.460 | ( 22.934.712) |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 12 | ( 4.597.424) | ( 1.852.810) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 4.597.424) | ( 1.852.810) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 1.776.009) | ( 1.628.564) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.776.009) | ( 1.628.564) |
| | | | |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 10.199.027 | ( 26.416.086) |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 53.251.933 | 79.668.019 |
| | | | |
| **Handbært fé í árslok** | | 63.450.960 | 53.251.933 |

# Skýringar

1. **Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. **Innlausn tekna**
Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

3. **Varanlegir rekstrarfjármunir**
Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hljóðfæri | 10 ár |
| Húsbúnaður | 10 ár |

4. **Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs**
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

5. **Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign skólans, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

6. **Handbært fé**
Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

7. **Lífeyrisskuldbinding**
Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna skólans er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna skuldbindingarinnar eru færðar meðal skammtímaskulda. Skuldbindingin var reiknuð út af tryggingastærðfræðingi í árslok 2024. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

8. **Fjárhagsáætlanir**
Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2024 er birt í ársreikningi til samanburðar.

9. **Framlög sveitarfélaga**
Framlög sveitarfélaga greinast þannig:

| | 2024 | | 2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | **Hlutfall** | **Framlag** | **Hlutfall** | **Framlag** |
| Sveitarfélagið Árborg | 53,3% | 185.608.732 | 54,1% | 187.079.661 |
| Hrunamannahreppur | 2,2% | 7.634.759 | 2,3% | 8.068.512 |
| Hvergerðisbær | 13,6% | 47.294.460 | 13,3% | 46.033.155 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 12,8% | 44.570.492 | 12,7% | 44.050.572 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 2,3% | 7.994.297 | 1,9% | 6.595.900 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 4,2% | 14.671.896 | 4,2% | 14.447.373 |
| Bláskógabyggð | 7,5% | 26.092.506 | 7,2% | 24.880.804 |
| Flóahreppur | 4,1% | 14.208.694 | 4,2% | 14.608.188 |
| Framlög sveitarfélaga samtals | 100,0% | 348.075.836 | 100,0% | 345.764.165 |

## 10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2024 | Fjárhagsáætlun | 2023 |
|---|---|---|---|
| Laun | 268.754.405 | 270.884.000 | 268.114.816 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 41.028.305 | 40.438.000 | 42.332.367 |
| Önnur launatengd gjöld | 27.957.032 | 28.243.000 | 28.033.385 |
| Áfallið orlof, breyting | ( 244.784) | 0 | 388.472 |
| Framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð | 274.940 | 274.000 | 274.940 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 337.769.898 | 339.839.000 | 339.143.980 |
| | | | |
| Ársverk | 25,6 | | 27,3 |

## 11. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2024 | Fjárhagsáætlun | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Greitt með framlögum sveitarfélaga** | | | |
| Prófanefnd, þóknun til prófdómara | 823.359 | 1.000.000 | 601.531 |
| Vátryggingar | 570.959 | 620.000 | 634.332 |
| Annar starfsmannatengdur kostnaður | 434.888 | 1.020.000 | 1.666.405 |
| | 1.829.206 | 2.640.000 | 2.902.268 |
| **Greitt með skólagjöldum** | | | |
| Húsnæðiskostnaður á Selfossi | 7.162.305 | 5.350.000 | 6.425.559 |
| Húsnæðiskostnaður í Hveragerði | 1.400.400 | 1.370.000 | 1.305.600 |
| Húsnæðiskostnaður í Þorlákshöfn | 1.849.125 | 1.833.000 | 1.738.401 |
| Húsgögn og húsbúnaður | 294.346 | 210.000 | 101.457 |
| Sími og burðargjöld | 484.528 | 535.000 | 552.547 |
| Ritföng og prentun | 1.003.198 | 926.000 | 548.150 |
| Auglýsingar | 590.924 | 660.000 | 634.853 |
| Sérfræðiaðstoð | 2.811.492 | 2.805.000 | 2.908.067 |
| Aðkeyptur akstur og ferðakostnaður | 11.839.909 | 13.406.000 | 12.396.341 |
| Skólavörur | 142.988 | 577.000 | 592.311 |
| Viðhald hljóðfæra, tækja og stillingar | 2.718.440 | 2.144.000 | 2.117.396 |
| Tryggingar áhalda og tækja | 76.949 | 65.000 | 36.069 |
| Félagsgjöld | 119.600 | 136.000 | 122.600 |
| Gjafir | 625.595 | 577.000 | 471.872 |
| Fyrirlestrar og námskeið, ýmis annar kostnaður | 1.046.630 | 634.000 | 651.428 |
| Rekstur tölvukerfis | 3.030.467 | 3.714.000 | 3.571.124 |
| Hreinlætisvörur | 134.496 | 215.000 | 230.940 |
| Sorphreinsun | 280.195 | 184.000 | 184.074 |
| Seðilgjöld og bankakostnaður | 579.893 | 483.000 | 388.202 |
| | 36.191.480 | 35.823.000 | 34.976.991 |
| | | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 38.020.686 | 38.463.000 | 37.879.259 |

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Hljóðfæri | Húsbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2023 | 37.891.450 | 2.529.608 | 40.421.058 |
| Viðbót á árinu | 1.852.810 | 0 | 1.852.810 |
| Heildarverð 31.12.2023 | 39.744.260 | 2.529.608 | 42.273.868 |
| Viðbót á árinu | 4.597.424 | 0 | 4.597.424 |
| Heildarverð 31.12.2024 | 44.341.684 | 2.529.608 | 46.871.292 |
| | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2023 | 28.155.886 | 2.276.649 | 30.432.535 |
| Afskriftir ársins | 1.025.133 | 0 | 1.025.133 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | 29.181.019 | 2.276.649 | 31.457.668 |
| Afskriftir ársins | 1.289.105 | 0 | 1.289.105 |
| Afskrifað samtals 31.12.2024 | 30.470.124 | 2.276.649 | 32.746.773 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 10.563.240 | 252.959 | 10.816.199 |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 13.871.560 | 252.959 | 14.124.518 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 10% | 10% | |

## 13. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2025 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 3.688.772 | 3.963.712 |
| Gjaldfært á árinu | ( 274.940) | ( 274.940) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 3.413.832 | 3.688.772 |
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | ( 274.940) | ( 274.940) |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 3.138.892 | 3.413.832 |

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Framlag í varúðarsjóð | 3.413.832 | 3.688.772 |
| | 3.413.832 | 3.688.772 |

## 14. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Innborgun vegna kaup á hljóðfæri | 0 | 1.300.000 |
| Endurkræfur virðisaukaskattur | 611.054 | 632.086 |
| | 611.054 | 1.932.086 |

## 15. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | Eiginfjár-reikningur |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2023 | ( 275.107.020) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 28.123.566) |
| Eigið fé 31.12.2023 | ( 303.230.586) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 5.086.492) |
| Eigið fé 31.12.2024 | ( 308.317.078) |

## 16. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK | 19.650.457 | 20.478.021 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 19.650.457 | 20.478.021 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | ( 1.851.240) | ( 1.722.390) |
| Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi | 17.799.217 | 18.755.631 |

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Afborganir árið 2025/2024 | 1.851.240 | 1.722.390 |
| Afborganir árið 2026/2025 | 1.899.123 | 1.766.940 |
| Afborganir árið 2027/2026 | 1.948.244 | 1.812.642 |
| Afborganir árið 2028/2027 | 1.998.635 | 1.859.526 |
| Afborganir árið 2029/2028 | 2.050.330 | 1.907.623 |
| Síðar | 9.902.885 | 11.408.900 |
| Afborganir langtímalána samtals | 19.650.457 | 20.478.021 |

## 17. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 330.292.093 | 308.311.815 |
| Greiddur lífeyrir á árinu | ( 24.130.530) | ( 21.210.256) |
| Gjaldfærð hækkun á árinu | 26.354.261 | 43.190.534 |
| | 332.515.824 | 330.292.093 |

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 24.820.276 | 23.093.611 |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 307.695.548 | 307.198.482 |
| | 332.515.824 | 330.292.093 |

**18. Starfsþáttayfirlit**

Rekstri Tónlistarskóla Árnesinga er skipt upp í tvo starfsþætti. Annars vegar rekstur sem fjármagnaður er með framlögum sveitarfélaga og hins vegar sá hluti rekstrar sem fjármagnaður er með skólagjöldum.

| | Framlög sveitarfélaga | Skólagjöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Framlög sveitarfélaga | 348.075.836 | 0 | 348.075.836 |
| Skólagjöld | 0 | 49.052.706 | 49.052.706 |
| Aðrar tekjur | 0 | 100.000 | 100.000 |
| | 348.075.836 | 49.152.706 | 397.228.542 |
| Laun og launatengd gjöld | 321.312.871 | 16.457.027 | 337.769.898 |
| Lífeyrisskuldbinding breyting | 26.354.261 | 0 | 26.354.261 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.829.206 | 36.191.480 | 38.020.686 |
| Afskriftir | 0 | 1.289.105 | 1.289.105 |
| | 349.496.338 | 53.937.612 | 403.433.950 |
| Vaxtatekjur | 866.128 | 1.726.582 | 2.592.710 |
| Vaxtagjöld | ( 1.473.794) | 0 | ( 1.473.794) |
| | ( 607.666) | 1.726.582 | 1.118.916 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 2.028.168) | ( 3.058.324) | ( 5.086.492) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 26.354.261 | 0 | 26.354.261 |
| Áfallnar verðbætur langtímalána | 948.445 | 0 | 948.445 |
| Afskriftir | 0 | 1.289.105 | 1.289.105 |
| Veltufé frá rekstri | 25.274.538 | ( 1.769.219) | 23.505.319 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun | 274.940 | 0 | 274.940 |
| Skammtímakröfur, lækkun | 11.987.732 | 1.231.295 | 13.219.027 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 3.532.633 | 171.071 | 3.703.704 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | ( 24.130.530) | 0 | ( 24.130.530) |
| | ( 8.335.225) | 1.402.366 | ( 6.932.859) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | 16.939.313 | ( 366.853) | 16.572.460 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 0 | ( 4.597.424) | ( 4.597.424) |
| Afborganir langtímaskulda | ( 1.776.009) | 0 | ( 1.776.009) |
| Breyting á handbæru fé | 15.163.304 | ( 4.964.277) | 10.199.027 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | | 53.251.933 |
| Handbært fé í árslok | | | 63.450.960 |

## FUNDARGERÐ

| SKJALALYKILL | VERKHEITI |
|---|---|
| 110973-FUN-004-V01 | **Ölfusárbrú – samræming veitulagna** |

| DAGS. / TÍMI FUNDAR | VERKKAUPI |
|---|---|
| 07.03.2025 / 10:00 | Veitufyrirtækin í verkinu |

| NR. FUNDAR | FUNDAREFNI |
|---|---|
| | M.a. kostnaðarskipting, samningar og staða verks |

| FUNDARGERÐ | FUNDARBOÐARI | FUNDARSTAÐUR |
|---|---|---|
| ETS / 07.03.2025 | Einar Óskarsson | Fjarfundur |

| FUNDARMENN | FYRIRTÆKI |
|---|---|
| Atli Marel Vokes | Árborg |
| Ásgeir Elíasson | Vegagerðin |
| Bárður Árnason | Efla |
| Björn Skúlason | Efla |
| Börkur Reykjalín Brynjarsson | Efla |
| Eggert Sveinsson | Efla |
| Einar Óskarsson | Vegagerðin |
| Friðrika Marteinsdóttir | Landsnet |
| Gunnar Magnús Jónsson | Míla |
| Höskuldur Tryggvason | Vegagerðin |
| Kristján Örn Kristjánsson | HS Veitur |
| Margrét Ósk Aronsdóttir | Vegagerðin |
| Ómar Þór Baldursson | HS Veitur |
| Sigurður Þór Haraldsson | Selfossveitur |
| Víglundur Guðmundsson | Rarik |
| Örvar Steingrímsson | Efla |

| FJARVERANDI | FYRIRTÆKI |
|---|---|
| Kristján Harðarson | Norconsult |
| Tómas Ellert Tómasson | Norconsult |

| DREIFING | FYRIRTÆKI |
|---|---|
| Fundarmenn | |

| FUNDARSKJÖL | NÆSTI FUNDUR |
|---|---|
| Kostnaðarskipting verkkaupa | Ekki rætt |

## 1. Kynning á kostnaðarskiptingu verkþega

Einar kynnti skjal sem fylgdi með fundarboði varðandi kostnaðarskiptingu milli verkþega.

Helstu breytingar á kostnaði eru hjá Selfossveitum (hækkun), en kostnaður lækkar hjá Landsnet og Rarik.

Skipting á kostnaði við að hanna lagnir í brú og tengirými er í samræmi við framkvæmdakostnað í brú og tengirými.

Einholtsvegur er ekki inn í skiptingu vegna kostnaðar, það verður gert upp sér við Árborg.

Skipting skurðsniða var áætluð hjá Eflu.

Ómar hjá HS Veitum bendir á villu í skurðsniðum, skurðsnið 10 við Einholtsveg. Skurðsnið 22 við Austurveg 69 hefði átt að ná lengra en skurðsnið 13 styttra til samræmis.

Einar bendir á að skurðsnið verði gerð upp eftir raunmagni á framkvæmdatíma.

## 2. Eftirlit með verkinu

Samið var við Norconsult um eftirlit með verkinu. Tilboð eftirlits var lægra en kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

Norconsult er með daglegt eftirlit á verkstað og eftirlit með jarðvinnu. Einnig fylgjast þeir með framvindu kostnaðar fyrir alla verkkaupa.

## 3. Fageftirlit

Sumir verkkaupar sinna sjálfir fageftirliti og innmæla sínar eigin lagnir skv. útboðsgögnum.

Samskipti við fageftirlitsmenn skulu fara í gegnum Norconsult. Tengja þarf saman Norconsult, umsjónarmann verkefnisins og fageftirlitsmenn. Vegagerðin setur upp skipurit fyrir þessi samskipti.

Tómas Ellert er með eftirlit f.h. Norconsult, og er hann staðsettur á Selfossi. Aðaleftirlitsmaður verksins er Kristján Rafn Harðarson.

Kallað hefur verið eftir uppfærðum tengiliðaupplýsingum frá verkkaupum og fageftirlitsmönnum.

Norconsult sér um innmælingar fyrir Vegagerðina.

## 4. Hönnunarrýni vegna alútboðs

Búið er að boða fyrsta fund vegna lagnahönnunar í Ölfusárbrú og í tengirýmum. Markmið hönnuða er að lenda staðsetningu lagna í brú og í tengirýmum, svo hægt sé að halda áfram með hönnun.

Farið var yfir kafla 1.6.1 í útboðslýsingu, sem útskýrir fyrirkomulag hönnunarfunda.

Að lokinni hönnun eru gögnin lögð fram til samþykkis hjá verkkaupum. Minnt er á að nægilega mönnun til að fara yfir hönnunargögn frá verktaka.

Börkur minnir á að þeir verkkaupar sem vilja vera með á fundinum láti vita, sbr. tölvupóst sem sendur var út.

**5. Samningar milli aðila**

Kallað var eftir athugasemdum um samning milli Vegagerðarinnar og verkkaupa. Stefnt er á að undirrita þennan samning rafrænt. Stefnt er á að reyna að klára samning á allra næstu dögum.

Vinna við samning Eflu og veitufyrirtækja tafðist þar sem þurfti að uppfæra kostnaðarskiptingu. Svæðisstjóri Eflu á Suðurlandi mun vinna í á næstunni að koma uppfærðum samningi út.

**6. Staða verksins**

Unnið er í skeringum og fyllingum austan Ölfusár. Sett verður upp bráðabirgðabrú í lok maí til að komast út í Laugardælaeyju. Öllum borunum út í Laugardælaeyju er lokið.

Vestan við Ölfusá er byrjað að vinna í klapparhafti í skógræktarsvæðinu, mögulega verður þetta haft sprengt.

Áætluð verklok eru 2. október 2028 fyrir heildarverkið.

Friðrika hjá Landsnet spyr hvenær brúin verði tilbúin til að draga strengi í ídráttarrör.

Spurt um rýni á verkáætlunum verktaka, í verkfundargerð stendur að verkáætlun 010 sé í gildi. Höskuldur segir að samningsáætlun 008 sé enn í gildi. Koma þarf upp ferli varðandi rýni á verkáætlunum. Mikilvægt er að breytingar á verkáætlun séu ekki samþykktar án þess að verkkaupar séu meðvitaðir.

Markaðsstofa
Suðurlands

Fundargerð

6. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 13. janúar 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá

- Mannamót 2025
- Mid-Atlantic 2025
- Kynningarfundur fyrir stoðkerfi
- Handbók sveitarfélaga um uppbyggingu ferðamannastaða
- Umræða um gjaldtöku
- Umræða um samstarf við MSS
- Starfs- og rekstraráætlanir 2025
- Samantekt eftir vinnufund stjórnar
- Starfsmannamál
- Önnur mál

**Mannamót Markaðsstofa landshlutanna 2025**

Mannamótin verða haldin í vikunni eða þann 16. janúar í Kórnum Kópavogi, opið fyrir gesti kl. 12-17. Ferðaþjónustuvikan verður haldin í annað sinn í kringum Mannamót og er fjöldi áhugaverðra viðburða frá þriðjudegi til fimmtudags. Undirbúningur fyrir Manna mót hefur

verið í hámarki undanfarið og eru 72 fyrirtæki af Suðurlandi skráð til leiks og yfir 250 fyrirtæki í heildina á viðburðinn sem sýnendur. Nú þegar hafa um 650 gestir skráð sig til leiks og enn þrír dagar fram að viðburði. Í fyrra voru gestir um 1000. Síðan í október hafa 12 ný fyrirtæki skráð sig til samstarfs við Markaðsstofuna, flest sem ætla að vera með á Mannamótum en þó ekki öll.

**Icelandair Mid-Atlantic 2025**

Ferðasýningin Mid-Atlantic verður haldin 30.jan-1.feb með aðal sýningardeginum föstudaginn 31.jan. Markaðsstofan verður þar með bás að venju og fundar með ferðasölum víða að úr heiminum. Starfsfólk Markaðsstofunnar mannar básinn auk fulltrúa sveitarfélaga sem hafa færi á að taka þátt.

**Kynningarfundur Markaðsstofa landshlutanna fyrir stoðkerfi ferðaþjónustu**

MAS hafa boðið fulltrúum úr ráðuneyti ferðamála, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, SAF og Íslenska ferðaklasanum á kynningarfund á helstu áherslum Markaðsstofanna á árinu. Er markmiðið með fundinum að auka samtalið og stilla saman strengi í upphafi árs.

**Handbók sveitarfélaga um uppbyggingu ferðamannastaða**

Í síðustu viku var birt opinberlega handbókina sem verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar hefur verið að vinna að undanfarna mánuði. Ferðamálastofa birti hana einnig á sínum miðlum. Vonandi nýtist hún sveitarfélögum við vinnu við uppbyggingu ferðamannastaða og mun sveitarfélögum standa til boða kynning á handbókinni á næstu vikum.

**Umræða um gjaldtöku**

Framkvæmdastjóri óskar eftir að eiga umræðu um fyrirhugaða gjaldtöku stjórnvalda sem var sett fram í nýjum stjórnarsáttmála. Framkvæmd gjaldtöku hefur ekki verið útfærð ennþá en auðlindagjald nefnt til sögunnar og að á meðan unnið verði að útfærslu verði innheimt komugjöld. Framkvæmdastjóri lýsti áhyggjum greinarinnar af framkvæmd gjaldtöku en helstu áhyggjurnar eru af tímasetningu og fyrirvara. Ef ekki er sett fram útfærsla með nægilega löngum fyrirvara (a.m.k. ári fyrir áætlaðar aðgerðir) þá fellur gjaldið á ferðaþjónustufyrirtæki en ekki að ferðamaðurinn greiði eins og hugmyndin er.

Góð umræða fór fram og er stjórn sammála um að gjaldtaka sé alveg réttlætanleg en gríðarlega mikilvægt sé að það sé útfært samhliða hvernig þessu fjármagni, sem innheimt er, er varið. Það verði að vera gagnsætt og opið ferli og að fjármagn skili sér til uppbyggingar innviða sem nýtast greininni auk t.d. rannsókna, þróunar og markaðssetningar.

**Umræða um samstarf við Markaðsstofuna**

Upp hefur komið sú umræða meðal Markaðsstofa landshlutanna undanfarið að fara sameiginlega í það að móta siðareglur varðandi samstarf við markaðsstofurnar. Upp hafa komið einstaka atvik í gegnum árin í landshlutunum þar sem fyrirtæki í samstarfi sýna ekki æskilega framkomu. Ef samræmdar siðareglur til þá hafa markaðsstofurnar að minnsta

kosti eitthvað í höndunum til að takast á við þau atvik sem upp koma. Stjórn samþykkir að farið verði í slíka vinnu og tillögur verða bornar undir stjórn til samþykkis áður en þær verða teknar í gildi.

**Starfsáætlun 2025**

Stjórn samþykkir starfsáætlun 2025.

**Rekstraráætlun 2025**

Stjórn samþykkir rekstraráætlun með fyrirvara. Ekki liggur enn fyrir hvort verkefni sem sótt var um sem áhersluverkefni sóknaráætlunar verði samþykkt.

**Samantekt af vinnufundi stjórnar 3.des**

Starfsfólk MSS hefur tekið saman punkta af vinnufundi stjórnar sem sendir voru á stjórn, áfram verður unnið að tillögum sem þar komu fram.

**Starfsmannamál - trúnaðarmál**

Önnur mál ekki rædd

Fundi slitið kl. 11:40

Markaðsstofa
Suðurlands

Fundargerð

7. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 11:00 föstudaginn 14. febrúar 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Dagskrá

- Verkefni undanfarið og það sem er framundan
- Aðalfundur og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands 2025
- Önnur mál

## Verkefni undanfarið og það sem er framundan

### Sýningar og viðburðir

Janúar er oft annasamur þegar kemur að sýningum og viðburðum og var engin undantekning á því þetta árið. Þó sýningarnar sjálfar séu ekki langar þá fela þær í sér mikla undirbúningsvinnu og eftirfylgni.

#### Ferðaþjónustuvika og Mannamót Markaðsstofa landshlutanna 2025

Það var mikið um dýrðir í Ferðaþjónustuvikunni dagana 14.-16. janúar sl. Boðið var upp á fjölmarga viðburði og má þar nefna Nýársmálstofu og Markaðssamtal ferðaþjónustunnar, Ferðatæknimót, Dag ábyrgrar ferðaþjónustu og málþing um slys í ferðaþjónustu auk viðbragða við þeim. Vikan endaði svo með einum af stærsta viðburði íslenskrar ferðaþjónustu, Mannamótum Markaðsstofa landshlutanna sem hefur aldrei verið fjölmennari en í ár. Að því loknu var rekinn endapunktur á ferðaþjónustuvikuna með samkomu á Telebar á Parliament Hótel.

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna voru haldin 16. janúar í Kórnum Kópavogi, opið var fyrir gesti kl. 12-17. Mannamót eru kynningarvettvangur fyrir ferðaþjónustufyrirtæki af landsbyggðinni sem gefur fyrirtækjum tækifæri á að sýna fjölbreytni og gæði þjónustu sinnar við fagaðila frá höfuðborgarsvæðinu og aðra gesti. Markmið viðburðarins er að skapa samtal og tengsl milli fyrirtækja og auka sýnileika landsbyggðarinnar í ferðaþjónustu á Íslandi. Á þessu ári fjölmenntu sunnlensk fyrirtæki að venju og 70 fyrirtæki sýndu fjölbreytt menningar- og ferðaþjónustuframboð svæðisins. Þau lögðu sitt af mörkum til að skapa líflegt og skemmtilegt andrúmsloft á Mannamótum, sem endurspeglaði kraft, sérstöðu og sjarma Suðurlands. Metþáttaka var á Mannamótum að þessu sinni, en um 250 fyrirtæki kynntu starfsemi sína og tæplega 1100 gestir mættu þannig að heildina komu saman í Kórnum um 1.600 manns í Kórnum.

Icelandair Mid-Atlantic 2025

Mid-Atlantic ferðakaupstefnan fór fram í Laugardalshöll föstudaginn 31. janúar síðastliðinn. Þessi viðburður, skipulagður af Icelandair annað hvert ár, sameinar ferðaþjónustuaðila alls staðar að úr heiminum og gefur þeim tækifæri til að kynnast því sem Ísland hefur upp á að bjóða. Mid-Atlantic ferðakaupstefnan er kjörinn vettvangur fyrir fagfólk í ferðaþjónustu til að hittast, vinna saman og skiptast á hugmyndum. Staðsetning Íslands gerir það að verkum að kaupstefnan er afar aðgengileg og laðar að sér kaupendur og þjónustuaðila frá Íslandi, Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Leitast er við að gera andrúmsloftið afslappað, til að hvetja til samskipta og samstarfs, með fjölbreyttri dagskrá, fundum og kvöldverðarsamkomum. Markaðsstofa Suðurlands og fulltrúar faghóps áttu fundi með rúmlega 40 ferðasölum víða að. Það gekk vel að miðla áfram því úrvali upplifana sem landshlutinn hefur að geyma og viðmælendur voru helst að spyrja um hvers konar ferðir væri hægt

að skipuleggja að vetri til á Suðurlandi, hversu mörg herbergi hótelin hafa til umráða og samgöngur til Vestmannaeyja allt árið um kring auk þess sem vanir ferðasalar vildi vita um nýjungar á svæðinu.

Eftirfylgni er afar mikilvægur liður í þátttöku sýninga og vinnustofa. Allir sem áttu fundi við Markaðsstofu Suðurlands fá sendan eftirfylgnipóst með fréttum af helstu nýjungum og vöruþróun á Suðurlandi. Eins fá samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar sendan lista yfir þá aðila sem MSS fundaði með, sem inniheldur tengiliðaupplýsingar og hvers konar þjónustu hver leitast eftir.

*Framundan er að skoða betur og staðfesta hvaða sýningum og vinnustofum MSS mun taka þátt í á árinu.*

## Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Forstöðumenn hafa fundað nokkrum sinnum á árinu um ýmis málefni og til að undirbúa sameiginlega fundi og efni. Einnig hafa vinnuhópar um framkvæmd Mannamóta og áfangastaðaáætlanir fundað á tímabilinu.

### Kynningarfundur Markaðsstofa landshlutanna fyrir stoðkerfi ferðaþjónustu

MAS buðu fulltrúum úr ráðuneyti ferðamála, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, SAF og Íslenska ferðaklasanum á kynningarfund á helstu áherslum Markaðsstofanna á árinu. Markmiðið með fundinum var að auka samtalið og stilla saman strengi í upphafi árs. Fundurinn var vel heppnaður og fannst fundargestum þetta frábært framtak og áttu sér stað góðar umræður.

### Fundur í menningar- og viðskiptaráðuneyti

Forstöðumenn MAS óskuðu eftir fundi með Ferðamálastjóra og starfsfólki ráðuneytis vegna skipulags vinnu við aðgerðaáætlun stjórnvalda í ferðaþjónustu. Óskað var eftir öflugri aðkomu MAS að verkefnum og ráðuneyti sent í framhaldi skjal með tillögum. MAS hefur fengið beiðni um að tilnefna fulltrúa í starfshóp um álagsstýringu á áfangastöðum ferðamanna. Forstöðumenn ákváðu að tilnefna fulltrúa frá Markaðsstofu Norðurlands og Vestfjarða þar sem þeir fulltrúar sátu í hóp sem tengdist þessu málefni í vinnu við gerð aðgerðaáætlunar (annar fulltrúinn verður valinn af ráðuneyti).

### Fundur í fagráði um vefinn visiticeland.com

Fulltrúar Markaðsstofu Suðurlands og Norðurlands eiga sæti í fagráði um þróun vefsins visiticeland.com sem Íslandsstofa sér um. Íslandsstofa boðaði til

fundar þar sem helstu hagaðilar vefsins gátu rætt þróun hans. Kynntar voru helstu áherslur ársins auk fleiri tengdra mála.

### Menntamorgunn ferðaþjónustunnar 18.febrúar

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, SAF og Markaðsstofur landshlutanna bjóða til Menntamorguns ferðaþjónustunnar í beinu streymi þriðjudaginn 18.febrúar klukkan 11 til 12. Þar munu sérfræðingar í stafrænum lausnum og gervigreind deila þekkingu sinni á því hvernig þessar nýjungar geta umbreytt ferðaþjónustunni. Leitast verður við að varpa ljósi á nýjustu þróunina og hvernig tæknin getur aukið samkeppnishæfni, bætt færni starfsfólks og aukið arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustunni. Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands, verður fundarstjóri.

### Áfangastaðaáætlanir á vef

Vinna við að setja upp áfangastaðaáætlanir landshlutanna fram á samræmdum vef í stað PDF skjala er langt komin. Markaðsstofa Norðurlands mun brátt birta sína uppfærðu áætlun á þessu sniði og í kjölfarið fá hinir landshlutarnir aðgang að vefkerfi til að setja sínar áfangastaðaáætlanir inn á sambærilegan hátt. Þetta mun auðvelda alla uppfærslu, sem og kynningu á áfangastaðaáætlunum landshlutanna til frambúðar.

### Siðareglur

MAS er komið vel á veg að setja upp samræmdar siðareglur sem hægt er að nota í starfsemi stofanna sem hver stofa getur aðlagað að starfseminni og lagt fyrir stjórnir. Einnig er verið að vinna reglur varðandi Mannamót sérstaklega.

## Samstarf við sveitarfélög

### Faghópsfundur

Fyrsti faghópsfundur ársins var haldinn á teams þann 22. janúar sl. Meðal annars var rætt um útgáfu á kortaseríunni, og voru aðilar sammála um mikilvægi kortanna. Ákveðið var að hefja uppfærslu á Gullna-hrings kortinu sem bráðum fer að klárast. Vetrarþjónusta á þjóðvegunum og öðrum mikilvægum ferðamannaleiðum var til umræðu og virtist vera nokkur brotalöm þar á, bæði varðandi snjómokstur og viðgerð á holóttum vegum. Óskaði Markaðsstofan eftir nánari upplýsingum frá hverju svæði fyrir sig til að ná utan um umfangið. Talið barst einnig að öryggi vegfarenda vegna norðurljósa og upplýstu þau Sigmundur hjá Rangárþingi Eystra og Ösp hjá Rangárþingi Ytra

um samstarfsverkefni þeirra í milli þar sem markmiðið er að finna ákjósanleg svæði fyrir norðurljósaskoðun. Sá möguleiki var ræddur að yfirfæra verkefnið yfir á allt Suðurland, og þá einnig að kortleggja allt Suðurlandið m.t.t. norðurljósaskoðunar. Þá var lauslega rædd möguleg gjaldtaka sem minnst er á í nýjum stjórnarsáttmála. Þá var farið yfir fyrirkomulag á Mid-Atlantic og voru nokkrir faghópsfulltrúar sem gáfu kost á sér á básinn. Þá var farið yfir helstu fréttir af svæðunum.

Stjórn ræddi stöðu vetrarþjónustu og hún sé mismunandi milli sveitarfélaga og að ef til vill væri þörf á því að taka þá umræðu á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Suðurlandi. Almennt var talað um að tengivegir á ferðaþjónustusvæðum væru van þjónustaðir á veturna.

### Málþing: Áfangastaðurinn Ölfus

Grétar hjá sveitarfélaginu Ölfusi og Páll Marvin hjá Ölfus Cluster óskuðu eftir því við Markaðsstofuna að halda erindi á málþingi sem bar yfirskriftina *Áfangastaðurinn Ölfus*. Vala fjallaði um Áfangastaðinn Suðurland og þær aðferðir sem hægt er að nýta við þróun og mótun áfangastaða. Á meðal erinda voru Íslandsstofa, Íslenskar Fasteignir og áfangastaðaráðgjafar frá Danmörku. Fjölmennt var á málþinginu og miklar umræður sköpuðust m.a. um þróun Brimbrettaiðkunar í Ölfusi.

## Samstarf við Ferðamálastofu og Íslandsstofu

### Stöðufundur með Ferðamálastofu

Framkvæmdastjóri fundaði með Elíasi, forstöðumanni þróunar og þjónustu hjá Ferðamálastofu, en hann er helsti tengiliður MAS við stofuna. Farið var yfir stöðuna á svæðinu, helstu áskoranir, nýjungar á svæðinu auk þess að fara yfir stöðu verkefna samnings 2024 og helstu verkefni 2025.

### Fundur MAS með öryggis- og gæðafulltrúa Ferðamálastofu

Helstu efni sem voru rædd voru vinnuhópur um öryggi ferðamanna þar sem MAS ítrekaði að mikilvægt væri að eiga gott samtal, krísuvinnustofan sem var framundan og Almannavarnir og aðkomu Ferðamálastofu og Markaðsstofa landshlutanna. Þá helst rætt um hlutverk og upplýsingamiðlun.

### Stoðkerfi ferðaþjónustunnar

Ferðamálastofa er að vinna upplýsingaefni um stoðkerfi ferðaþjónustunnar. MAS fékk til sín drög til að rýna og sendi framkvæmdastjóri sínar hugleiðingar varðandi það.

Vinnustofa með PR stofum og Íslandsstofu

Íslandsstofa fundaði með Markaðsstofum landshlutanna í lok árs 2024 þar sem aðilar sammæltust um að nýta fyrstu vikur nýs árs til að stilla saman strengi í markaðsmálum. Hófst sú vinna með sameiginlegri PR vinnustofu þann 4. febrúar sl. þar sem Íslandsstofa boðaði til sín PR ráðgjafana sína á helstu mörkuðum; Finn Partners og fulltrúa frá öllum Markaðsstofum landshlutanna. Í hnotskurn þá var vinnustofan á þá leið að fulltrúar Finn Partners kynntu sig fyrir
MAS og síðan var hver landshluti með örkynningu á sínu svæði. Í framhaldi af því voru settir upp stuttir fundir þar sem hver landshluti hafði tækifæri til að ræða við hvert markaðssvæði fyrir sig. Nýttust fundirnir vel til að koma á tengingum og dýpka skilning beggja aðila á áfangastaðnum, helstu áherslum og leiðum til að koma þeim á framfæri.

Krísuvinnustofa

PR ráðgjafarnir eru einnig sérfræðingar Íslandsstofu þegar kemur að krísum varðandi áfangastaðinn Ísland. Reynt hefur mest á Reykjanesið undanfarin ár, en það geta komið upp margar og mismunandi krísur á öllum landssvæðum. Til að undirbúa hópinn fyrir slík tilfelli var þann 5. febrúar sl. boðið til krísuvinnustofu þar sem ráðgjafar Finn Partners fóru yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga, auk þess sem þátttakendur fóru í gegnum „real life" æfingar seinni hluta dags. Markmiðið með vinnustofunni var bæði að gera okkur öll betur undirbúin til að ræða við fjölmiðla ef það koma upp atvik sem hafa áhrif á ferðamál, auk þess að leiða saman helstu hagaðila til að móta verkferla fyrir slík tilfelli.

Samstarf um móttöku blaðamanna

Reglulega berast óskir um samstarf og nú er verið að vinna með Íslandsstofu um skipulag fyrir írskan blaðamann sem væntanleg er í mars.

## Vefsíða og samfélagsmiðlar

Áhersla í miðlun í vetur hefur verið á Eldfjallaleiðina og afþreyingu út frá henni en á nýju ári ætlum við að setja fókusinn einnig á menningarperlur og matarauð. Á þessu

ári eru komnar inn á vefinn greinar um íslenska hestinn, bækur á Suðurlandi og kaffihúsamenningu landshlutans og haldið verður áfram á þessum nótum. Í aftakaveðrinu í byrjun febrúar var sett inn á vefinn grein með góðum ráðum þegar ekið er í vetrarfærð og er ætlunin að halda áfram að grípa aðstæður hverju sinni og setja inn eitthvað áhugavert, skemmtilegt og gagnlegt fyrir gestina okkar. Miðlun á facebook og Instagram hefur verið á sömu nótum, eldfjallaleiðin, matur og menning eru áhersluatriðin núna. Einnig fara að sjálfsögðu reglulega inn póstar um náttúruperlurnar okkar þar sem íslensk náttúrufegurð er helsta ástæða þess að fólk heimsækir landið.

Innra starf og fundir

Eins og ávallt þá erum við í samskiptum við fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu og undanfarið hafa þónokkur ný fyrirtæki komið til samstarfsins. Þá fer í gang ákveðið ferli m.a. að bjóða fundi með viðkomandi fyrirtækjum og að koma upplýsingum inn á vefinn.

Þá hafði háskóli samband og óskaði eftir að nemandi gæti sinnt afmörkuðu verkefni og verðum við við þeirri beiðni.

Ratsjáin

Ratsjáin 2025 hófst þann 21. janúar sl. og eru um 60 fyrirtæki af öllu landinu skráð til leiks. Þar af eru sjö fyrirtæki frá Suðurlandi. Ratsjáin er verkfæri ætlaði stjórnendum í ferðaþjónustu og tengdum greinum sem vilja auka hæfni sína og getu í rekstri. Er það gert með rafrænum vinnustofum á tveggja vikna fresti, auk verkefna sem eru unnin á milli lotanna. Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið og er framkvæmdaaðili, en Svava Björk Ólafsdóttir hjá RATA var ráðin til að halda utan um verkefnið. Ratsjánni lýkur með vinnustofu og lokaviðburði á Akureyri þann 25. mars nk.

- Samstarfsfundur um ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu á Akureyri
- Byggðaþróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu hefur óskað eftir viðveru Markaðsstofu Suðurlands á styrkjafundi vegna Uppbyggingarsjóðs Suðurlands fimmtudaginn 20.febrúar og verðum við að sjálfsögðu þar.

## Aðalfundur og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands

Starfsfólki falið að finna dagsetningu og stað fyrir þennan árlega viðburð Markaðsstofunnar.

Fundi slitið kl. 12:25




# Starfsáætlun 2025

## 1. Inngangur

Markaðsstofa Suðurlands er áfangastaðastofa landshlutans og er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Hún vinnur að ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins í heild. Markaðsstofan markar stefnu fyrir ferðaþjónustu innan landshlutans í gegnum áfangastaðaáætlun ásamt því að sinna fjölþættu kynningarstarfi og ráðgjöf til fyrirtækja varðandi markaðssetningu. Markaðsstofan kemur fram fyrir hönd landshlutans á ferðasýningum og -kynningum innanlands og erlendis og með því eru kynningarmál samhæfð, gerð skilvirkari auk þess að minnka kostnað. Markaðsstofan sinnir hagsmunagæslu fyrir landshlutann þegar kemur að ferðamálum og á í góðu samstarfi við aðila innan svæðis, í öðrum landshlutum, ráðuneyti og opinberar stofnanir. Markaðsstofan vinnur einnig að því að skapa þekkingu, miðla upplýsingum og styðja við nýsköpun í ferðamálum í landshlutanum.

Markaðsstofa Suðurlands, sem hluti af stoðkerfi ferðaþjónustunnar, er drifkraftur þróunar ferðamála í landshlutanum og fyrsti snertiflötur í málefnum ferðaþjónustu á starfssvæðinu sem nær frá Lónsheiði í austri að Sandskeiði í vestri auk Vestmannaeyja. Innan þessa starfssvæðis eru 15 sveitarfélög og rúmlega 34 þúsund íbúar, en 2 sveitarfélög hafa valið að standa utan samstarfsins.

Markaðsstofa Suðurlands býr yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins og annarra landsvæða.

Tekjur Markaðsstofunnar koma frá ríkissjóði í gegnum samninga við Ferðamálastofu og Íslandsstofu, frá samstarfssveitarfélögum á Suðurlandi sem og samstarfsfyrirtækjum í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Þá aflar Markaðsstofan eftir föngum sértekna sem m.a. eru eyrnamerktar sérverkefnum.

Starfsáætlun Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2025 byggir fyrst og fremst á samstarfssamningum stofunnar við þessa aðila. Ekki telst ólíklegt að sérverkefni úr aðgerðaáætlun stjórnvalda um ferðaþjónustu komi eitthvað inn á borð stofunnar þegar líður á árið. Þá miðast áherslur ársins við Áfangastaðaáætlun Suðurlands.

## 1.a. Forsendur starfsáætlunar

Starfsáætlun tekur mið af Ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 sem unnin var í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og greinarinnar.

### *Efnahagur - Arðsemi*

- Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.
- Framþróun sem byggir á tækni, gögnum, nýsköpun, vöruþróun, mannauði og menntun.
- Markviss sókn á verðmæta markaði og markhópa.

### *Samfélag - Ávinningur*

- Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði um land allt.
- Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að gestir ferðist um land allt, árið um kring.
- Atvinnugreinin eflir lífvænleg og sjálfbær samfélög.

### *Gestir - Upplifun*

- Upplifun gesta betri eða í samræmi við væntingar.
- Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.
- Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu.

### *Umhverfi - Umhverfisvernd*

- Minnkandi kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
- Jafnvægi milli hagnýtingar og verndunar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.
- Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

## 2. Hlutverk markaðs- og áfangastaðastofu

Markaðsstofan á í miklu samstarfi við Ferðamálastofu um ýmis verkefni og þá helst þau sem sett eru fram í samningi þeirra á milli. Á meðal hlutverka markaðs- og áfangastaðastofu eru eftirfarandi verkefni sem stofan sinnir í samstarfi og samráði við aðra aðila sem um sömu málaflokka hafa að gera:

- Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- Aðkoma að gerð og innleiðingu stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðaþjónustu.
- Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarþörf hvers landshluta.
- Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.



- Draga fram sérstöðu og áherslu landshlutanna á grunni áfangastaðaáætlana og áherslum markhópagreiningar og markaðssetningu Íslands. Sinna kynningar og markaðsmálum svæðisins í samstarfi við sveitarfélög og atvinnulíf, í samráði og samstarfi við Íslandsstofu sem leiðir samræmt kynningar og markaðsstarf fyrir áfangastaðinn Ísland (sjá um samstarf við Íslandsstofu).
- Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutanum. Áfangastaðastofan liðsinnir ríki og sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.
- Samstarf með öðrum áfangastaðastofum og Ferðamálastofu að sameiginlegum verkefnum og þróunar á starfsháttum áfangastaðastofa.

## 3. Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Áfangastaðaáætlun Suðurlands leggur til grunnforsendur fyrir áherslur í starfsáætlun Markaðsstofunnar 2025. Þá verður markvisst unnið með hagsmunaaðilum að framgangi áherslna og verkefnaáætlunar Áfangastaðaáætlunar.

### 3.a. Innviðir og þróun

- Vinna að áherslum, verkefnum og eftirfylgni uppfærðrar Áfangastaðaáætlunar sem eru; sjálfbær þróun, samtal og samvinna, ábyrg ferðaþjónusta, öryggi og aðgengi, náttúruvernd, áhrif ferðaþjónustu á samfélög, stýring og dreifing ferðamanna, gæði og gæðamál, upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla, fjárfesting og nýsköpun, rannsóknir og hagtölur og samgöngumál.
- Uppfærð áfangastaðaáætlun Suðurlands verður sett fram rafrænt á vef Markaðsstofunnar. Þá verður hún kynnt helstu hagaðilum.

#### *Helstu verkefni:*

Sjá forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar, útgáfa handbókar um uppbyggingu ferðamannastaða með áherslu á sveitarfélög, ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í rekstri í ferðaþjónustu og fleira.

### 3.b. Fræðsla og þjálfun

- Áframhaldandi samtal og samstarf við hagaðila í fræðslumálum innan svæðis og móta verkferla fyrir vinnu við að greina stöðu, þörf og áherslur í fræðslu og þjálfun í ferðaþjónustu.
- Skapa vettvang til að miðla upplýsingum um þá fræðslu sem er í boði með áherslu á að draga fram staðbundna fræðsluaðila og auðvelda aðgengi greinarinnar að upplýsingum um það sem er í boði.
- Taka þátt í þróunarverkefnum tengdum fræðslu eins og við á.

#### *Helstu verkefni:*

Samstarf með Fræðsluneti – Símenntun á Suðurlandi um fræðsluverkefni tengd ferðaþjónustu og kynningu á þeim, seta í stýrihóp um raunfærnimat í ferðaþjónustu (samstarf Fræðslunets, Símey og Hæfnisetur), samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um Menntamorgna og sameiginlegan vorfund og fleira.

### 3.c. Greiningar

- Vinna þarfagreiningu rannsókna og mælinga fyrir landshlutann, þrískiptingu Suðurlands sem og á landsvísu.
- Móta verkferla og ramma utan um svæðisbundnar rannsóknir með samtali og samstarfi við viðeigandi hagaðila.
- Taka saman reglulega ýmsar upplýsingar og opinberar hagtölur og annað efni sem gagnast greininni og verkefnum Markaðsstofunnar og miðla áfram til hagaðila.

### 3.d. Endurskoðun áætlunarinnar og samvinna við nærsamfélagið

- Áframhaldandi samtal, samstarf og ráðgjöf til sveitarfélaga.
- Þátttaka, yfirferð og umsögn í ferðaþjónustutengdum verkefnum sveitarfélaga, s.s. þróunarverkefnum, ferðamálaköflum aðalskipulaga og annarra áætlana, sé eftir því leitað. Einnig verður sett fram ný sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029
- Áframhaldandi samtal og samstarf við aðrar staðbundnar stofnanir auk þess að bjóða ráðgjöf til þeirra s.s. Vatnajökulsþjóðgarð, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Kötlu jarðvang, Umhverfisstofnun, SASS og fleiri. Einnig koma að ferðaþjónustutengdum áætlunum og verkefnum þeirra, sé þess óskað.
- Eiga samtal við ferðaþjónustufyrirtæki, íbúa og aðra hagaðila, bæði óformlega og á formlegum fundum í tengslum við verkefni MSS.

## 4. Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar 2025

Forgangsverkefnin eru mótuð út frá Áfangastaðaáætlun Suðurlands og er ætlað að færa áfangastaðinn Suðurland nær sinni framtíðarsýn í ferðamálum. Verkefnin eru endurskoðuð árlega.

### 4.a. Ferðaleiðir – Vöruþróun, efnissköpun og upplýsingamiðlun

***Verkefnið í hnotskurn***

Styðja við og efla ferðaleiðir, vinna nánari ferðalýsingar og þétta efni auk þess að hvetja til meiri tenginga ferðaþjónustuaðila við leiðirnar. Koma öðrum sjálfstæðum leiðum á framfæri og kynna helstu leiðir fyrir erlendum mörkuðum (B2B/B2C), auk þess að vinna með frásagnir og uppbyggingu innviða á þessum leiðum. Markmiðið með ferðaleiðum er að efla samkeppnishæfni Suðurlands. Vel kynntar ferðaleiðir hvetja ferðamenn til að dvelja lengur á svæðinu og efla þannig efnahagslega sjálfbærni svæðisins. Í þessu felst einnig ákveðin stýring, eykur tækifæri á að draga fram einkenni svæðisins, hvetur til nýsköpunar og upplýsir gesti.

***Árangursmælikvarðar***

Aukinn sýnileiki ferðaleiða á Suðurlandi og meiri samvinna hagaðila í kringum þessar leiðir. Lengri dvalartími gesta á svæðinu. Bætt upplifun og þar með bæta eða viðhalda ánægjuskori landshlutans meðal gesta.



***Lokaafurð (verkefnis eða áfanga)***

Lokaafurð þessa áfanga verður aukið efni um leiðirnar s.s. ferðalýsingar, kort og fleira sem tengist þemum leiðanna. Einnig verður safnað saman stoðefni sem sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar geta notað við uppbygginguna og þróun leiðanna. Hugmyndabanki yfir mögulega vöruþróun og nýsköpun á leiðunum.

***Samstarfsaðilar:***

Sveitarfélög, faghópur sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðilar.

### 4.b. Þematengd ferðaþjónusta – Vöruþróun og upplýsingamiðlun

***Verkefnið í hnotskurn***

Unnið verður með fjölbreytt þemu á Suðurlandi og þau sett fram á South.is. Ferðatillögum, þematengdum bloggfærslum og öðru efni hefur jafnt og þétt verið bætt inn síðustu ár. Val á þemum er byggt á áherslum í Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Dæmi um þemu sem koma til greina eru myrkurgæði og orkutengd ferðaþjónusta. Fáist fjármagn úr Sóknaráætlun Suðurlands er stefnt á að vinna sérstaka söguslóð í samstarfi við Rangárvallasýslu á árinu. Markmið verkefnisins er að efla upplýsingamiðlun um svæðið og einkenni þess til gesta í samræmi við breyttar kröfur og þarfir þeirra. Í þessu felst einnig ákveðin stýring, að vekja frekar athygli á þemum sem hagaðilar landshlutans vilja standa fyrir og bjóða fram í auknu mæli.

***Árangursmælikvarðar***

Vakta má fjölda þema sem sett eru fram, og hversu mikla athygli þau vekja. Verkefnið eykur fjölbreytni í upplýsingum til gesta sem miðar að áhugasviði þeirra. Það skilar sér betri nýtingu fjármagns til að ná betur til viðeigandi markhópa fyrir svæðið sem aftur getur skilað aukinni ánægju og upplifun gesta.

***Lokaafurð***

Lokaafurð verkefnisins er fjölbreytt framsetning á þematendri ferðaþjónustu á Suðurlandi. Þemu verða ýmist sett fram sem undirsíður á south.is, blogg færslur eða röð færslna á samfélagsmiðlum, eftir eðli verkefna.

***Samstarfsaðilar:***

Faghópur sveitarfélaganna, aðkeypt þjónusta.

### 4.c. Matarauður Suðurlands – Sögur og sýnileiki

***Verkefnið í hnotskurn***

Árin 2019- 2020 var matarauður Suðurlands greindur, kortlagður og ítarlegar upplýsingar settar fram á vef. Nú er komið að því að draga þessar upplýsingar saman í áhugaverðar sögur, skapa umtal og gera matarmenninguna að eftirsóttri vöru og upplifun. Markmið verkefnisins er að auka sýnileika og eftirspurn eftir sunnlenskri matvöru. Með aukinni

eftirspurn verður til betra rekstrarumhverfi til nýsköpunar, framleiðslu og sölu á sunnlenskri matvöru. Haldin verður opin vefvinnustofa um sögutækni með matvöru þar sem einstaklingum og fyrirtækjum innan matvælageirans á Suðurlandi er boðin þátttaka. Í kjölfar vinnustofunnar verður myndefnis og texta aflað, og það sett saman í sögur um matartengda menningu, sölustaði, veitingastaði og matvælaframleiðendur á Suðurlandi. Efnið verður birt á samfélagsmiðlum, bloggi og vef. Þá verður vel völdu efni komið á innlenda og erlenda fjölmiðla m.a. í gegnum Íslandsstofu.

### *Árangursmælikvarðar*

- Í upphafi verkefnis verður gerð greining á umfangi matartengdra upplýsinga á miðlum MSS, og umferð um þá. Sama greining verður gerð að verkefnistíma loknum og aftur á miðju ári 2025.
- Í lok árs 2025 eru vefsíður um Matarauð Suðurlands innan south.is vel sýnilegar og notendavænar. Nýjar bloggfærslur hafa verið skrifaðar um matarmenninguna og færslur fyrir samfélagsmiðla verið skapaðar. Merki eru um aukna umferð um matartengdar síður south.is. Matur hefur hlotið fastan sess á samfélagsmiðlum MSS með auknu efni frá aðilum tengdum sunnlenskum mat.
- Minnst 20 aðilar (einstaklingar eða fyrirtæki) tengdir matarmenningu Suðurlands hafa tekið þátt í vinnustofu tengdri verkefninu og fengið kennslu í sögutækni sem nýtist þeim í eigin ímyndarsköpun og markaðssetningu.
- Allt kynningarefni, textar og myndefni sem verður til við vinnslu verkefnisins mun vera aðgengilegt Markaðsstofu Suðurlands og SASS

### *Lokaafurð*

Lokaafurð þessa áfanga verður aukið efni, s.s. myndir, myndbönd og fróðleikur, og bætt framsetning á vef og öðrum miðlum.

### *Samstarfsaðilar*

Matvælaframleiðendur, ferðaþjónustuaðilar og byggðaþróunarfulltrúar.

## 4.d. Menningarperlur Suðurlands – Sögur og sýnileiki

### *Verkefnið í hnotskurn*

Markmið verkefnisins er að efla menningartengda ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðu viðhorfi íbúa til menningar á Suðurlandi. Margir ólíkir aðilar annast miðlun menningar á fjölbreyttan hátt í dag en Markaðsstofa Suðurlands býr yfir sérþekkingu, öflugum miðlum og góðum tengingum innanlands jafnt sem utan til að vekja umtal og koma sunnlenskri menningu betur á framfæri. Unnið verður að grunnkortlagningu og í kjölfarið haldin vefvinnustofa um sögutækni sem áhrifaríka leið í markaðssetningu. Út frá vinnustofum verður kynningarefni hannað og útfært og því komið fram á samfélagsmiðlum, bloggi og vef.

### *Árangursmælikvarðar*

- Í lok árs 2024 skipar menning stærri sess á vef Markaðsstofunnar og SASS



- Birtingaáætlun hefur verið framfylgt og menning orðinn fastur liður í miðlum Markaðsstofu Suðurlands, bæði gagnvart innlendum og erlendum markhópum.

### *Lokaafurð*

Lokaafurð verkefnisins er vel hannað kynningarefni í formi færslna á samfélagsmiðlum, vefsvæðis á south.is og í bloggfærslum. Mynda- og textabanki verður settur upp á þann hátt að MSS og SASS hafi greiðan aðgang að. Hliðarafurð verkefnisins er aukið samtal og samstarf á milli menningartengdra eininga á Suðurlandi

### *Samstarfsaðilar*

Aðilar í menningargeiranum á Suðurlandi, ferðaþjónustuaðilar og byggðaþróunarfulltrúar.

## 4.e. Efnissköpun fyrir áfangastaðinn Suðurland – Vöruþróun og upplýsingamiðlun

### *Verkefnið í hnotskurn*

Öflug kynning á landshlutanum fyrir innlenda og erlenda gesti, fjölmiðla og ferðasala er í forgangi árið 2025 sem fyrri ár. Vefsíða, samfélagsmiðlar, efnissköpun og samskipti skipta þar lykilmáli. Draga fram og halda á lofti orðspori áfangastaðarins, viðhalda háu meðmælaskori ferðamanna sem heimsækja Suðurland og mæta hugsanlegum áhyggjum um of mikinn fjölda ferðamanna. Fræðsla til samstarfsfyrirtækja um vöruþróun og aðgreiningu í markaðssetningu verður einnig hluti af starfi ársins. Öll efnissköpun MSS miðar að því að hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar og skapa raunhæfar væntingar í takt við Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Unnið er með markhópana Lífsglaði heimsborgarinn og sjálfstæði landkönnuðurinn, ásamt íslenskum fjölskyldum, vinahópum og pörum.

### *Árangursmælikvarðar*

Viðhalda ánægjuskori landshlutans, fjölga gestum á ný, lengri dvöl og auknar tekjur til samfélagsins.

### *Lokaafurð*

Fjölbreytt efni sem styður við kynningu á landshlutanum, hvort sem það er texti, myndir eða myndbönd. Styrkja tengslin aftur við ferðasala og fjölmiðla. Aukin og fagleg umfjöllun um landshlutann í miðlum og til ferðasala.

### *Samstarfsaðilar*

Sveitarfélög, faghópur sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðilar, aðkeypt þjónusta

## 4.f. Virkt samtal og jákvæð ímynd – upplýsingamiðlun og ráðgjöf

***Verkefnið í hnotskurn***

Markaðsstofa Suðurlands leggur ávallt upp úr því að eiga virkt samtal við greinina enda er tilgangur stofnunarinnar að efla ferðaþjónustu í sátt við samfélag, náttúru og efnahag landshlutans. Haustið 2023 var skapaður samræðuvettvangur fyrir stjórnendur samstarfsfyrirtækja Markaðsstofunnar og á árinu 2024 jókst samtal við samstarfsfyrirtæki talsvert. Á árinu 2025 verður haldið áfram með þessa vegferð. Eftirfarandi leiðir verða farnar til að halda áfram góðu samtali við greinina:

- Reglulegir morgunfundir verða haldnir á Teams þar sem eitt viðfangsefni verður tekið hverju sinni. Samstarfsaðilar Markaðsstofunnar munu velja viðfangsefnin og deila reynslu á fundunum. Dæmi um viðfangsefni sem áhugi er fyrir eru: Nærandi ferðaþjónusta, sögutækni á miðlum, myrkurgæði og svæðisbundin samstarfsverkefni.
- Málþing á árshátíð Markaðsstofunnar sem einnig nýtist sem hvati til aukinnar þátttöku í árshátíðinni.
- Aukin áhersla á kynningu samstarfsfyrirtækja á samfélagsmiðlum og bloggi, til dæmis í kring um sérstaka viðburði, vöruþróun og áhugaverð framtök hjá fyrirtækjunum.
- Kynning á ráðgjafaþjónustu Markaðsstofu Suðurlands, enda hefur hún nýst fyrirtækjum vel við vöruþróun, verkefnamótun og nýsköpun.

***Árangursmælikvarðar***

Morgunfundir hafi verið haldnir a.m.k. fjórum sinnum yfir árið. Skráning á Árshátíð Markaðsstofu Suðurlands aukist á milli ára. Aðsókn í ráðgjöf aukist á milli ára.

***Lokaafurð***

Fjölbreytt tækifæri greinarinnar til að eiga samtal innbyrðis.

***Samstarfsaðilar:***

Sveitarfélög, faghópur sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðilar, aðkeypt þjónusta.

# 5. Samstarf

Víðtækt samtal og samstarf er grunnurinn að starfi Markaðsstofunnar bæði í tengslum við áfangastaðaáætlun og einnig mikilvægur grundvöllur í markaðssetningu áfangastaðarins.

## 5.a. Samstarfsfyrirtæki

Samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar gefa starfseminni lykilforsendur til starfsins og eru í raun megin grundvöllur starfseminnar. Í gegnum samstarfsfyrirtækin fær MSS góða og virka tengingu við grasrótina á svæðinu varðandi hugmyndir, innsýn á markað og áherslur sem hægt er að nýta inn í verkefni og hagsmunagæslu. Þá leggja samstarfsfyrirtækin til grunninn í þjónustu- og vöruframboði svæðisins sem svo laðar að gesti og skapa virði inn í starfið í



gegnum FAM og fjölmiðlaferðir. Þá leggja samstarfsfyrirtækin grunninn að vöruþróun, nýsköpun, viðburðum, efnissköpun, kynningu og markaðsstarfi landshlutans.

***Helstu verkefni:***

Samtal um greinina og þróun hennar innan landshluta, miðlun upplýsinga og efnis á miðla, fræðsla og ráðgjöf til fyrirtækja.

## 5.b. Sveitarfélög

Sveitarfélög á Suðurlandi eru mikilvægir samstarfsaðilar Markaðsstofunnar. Formgert og virkt samstarf er við faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum sem gegnir lykilhlutverki í öflugu innra starfi hennar, en hópurinn hittist annan hvern mánuð (utan sumarmánuða) yfir árið. Hópurinn kemur með hugmyndir, áherslur og innlegg í umræður sem styður við hagsmunagæslu svæðisins og miðlar upplýsingum bæði inn til síns sveitarfélags og til Markaðsstofunnar. Sveitarfélögin eru lykilaðilar þegar kemur að skipulagi og uppbyggingu áfangastaða og gegna faghópsfulltrúar mikilvægu hlutverki sem tengiliðir MSS við þá vinnu. Einnig leggja þau til markaðsefni og áherslur sveitarfélagsins auk þess að taka þátt í sýningum og annarri markaðssetningu eftir föngum s.s. móttöku ferðasala, blaðamanna og annarra gesta.

***Helstu verkefni:***

Samstarf í faghóp, ráðgjöf um ferðamál, áfangastaði og framkvæmdasjóð ferðamannastaða, upplýsingamiðlun, samvinna um kortaútgáfu og sameiginleg sýningarþáttaka.

## 5.c. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Markaðsstofan á samstarf við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og byggðaþróunarfulltrúa landshlutans um málefni tengd ferðaþjónustu. Þá helst liggur samstarfið í gegnum áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands þar sem til grundvallar liggur Sóknaráætlun Suðurlands. Markaðsstofan gegnir þar hlutverki sérfræðings í ferðamálum í landshlutanum ásamt markaðsmálum.

***Helstu verkefni:***

Menningarperlur Suðurlands, Matarauður Suðurlands og vonandi nýtt áhersluverkefni um Söguhring í Rangárvallasýslu (ef fjármagn er lagt til verkefnisins 2025).

## 5.d. Markaðsstofur landshlutanna

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) halda reglulega fundi og eiga í öflugu samstarfi sem snýr m.a. að hagsmunagæslu landshlutanna. Auk þess halda þær sameiginlega viðburði s.s. Mannamót með það að markmiði að markaðssetja svæðin og ekki hvað síst lítil og meðalstór fyrirtæki innan þeirra. Þá heldur MAS úti sameiginlegu vefsvæði (www.markadsstofur.is) utan

um samstarfið og viðburði sína. Þess utan heldur hver landshluti úti opinberum upplýsingvef sem er með sambærilegu viðmóti og útliti til að tryggja samræmda ásýnd opinberrar upplýsingagjafar fyrir ferðamenn.

*Helstu verkefni:*

Umsjón með og kynning á Mannamótum, þróun vefsíðna landshlutanna (Suðurland hluti af teymisstjórn vefhóps), sameiginlegur kynningarfundur um MAS fyrir stoðkerfi, Suðurland annar fulltrúi MAS í faghópi um visiticeland.is, samstarf um þróun Brandcenter myndabankakerfis með MAS og Íslandsstofu, allt starfsfólk MAS fundar saman tvisvar á ári, forstöðumenn MAS funda amk mánaðarlega og fleira.

## 5.e. Íslandsstofa

Markaðsstofan sinnir markaðssetningu á erlendum mörkuðum í samstarfi við Íslandsstofu. Íslandsstofa og Markaðsstofan vinna náið saman að markaðssetningu og kynningarstarfi á sviði ferðaþjónustu og fyrir áfangastaðinn Ísland og þar með Suðurland. Markaðsstofan sinnir mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum og markaðsefni til Íslandsstofu á grundvelli áfangastaðaáætlana og veita ráðgjöf ásamt því að taka þátt í ýmsum verkefnum. Fagstjóri ferðaþjónustu ásamt fleira starfsfólki Íslandsstofu og MAS funda mánaðarlega um ýmis málefni. Í ár var í fyrsta sinn gerður einn samningur við Ferðamálastofu um fjármagn og inn í hann kemur fjármagn sem áður kom í gegnum sérsamning við Íslandsstofu til erlendrar markaðssetningar. Samkvæmt honum munu Markaðsstofan og Íslandsstofa vinna að eftirfarandi verkefnum.

*Upplýsingamiðlun*

- Markaðs- og áfangastaðastofan sendir efni til tengiliða hjá Íslandsstofu til kynningar á landshlutanum:
  - Árlegan lista yfir áherslur svæðanna í upphafi árs.
  - Upplýsingar mánaðarlega þegar við á.
  - Kynningaefni fyrir vef- og samfélagsmiðla þegar við á.
- Íslandsstofa nýtir það efni sem berst til kynningar á Íslandi sem áfangastað á alþjóðlegum vettvangi.

*Almannatengsl*

- Samstarf um skipulagningu og framkvæmd fjölmiðlaferða.
- Samstarf um skipulagningu og framkvæmd áhrifavaldaferða.
- Svörun fjölmiðlafyrirspurna með fókus á landshlutann.
- Samstarf um almannatengsl í krísum, sbr. viðbrögð við hamförum.

*Myndabanki, vefur og samfélagsmiðlar*

- Áframhaldandi uppbygging á sameiginlegum myndabanka.
- Samnýting á myndefni frá áhrifavaldasamstarfi.
- Markaðs- og áfangastaðastofan veitir ráðgjöf um efni tengt sínum landshluta á vef visiticeland.is og travel trade vefsíðu eftir því sem við á.



*Viðskiptatengsl*

- Samstarf um kynningu á áfangastaðnum.
- Vinnustofur og sýningar:
  - Markaðs- og áfangastaðastofur ákveða sín á milli skiptingu í þátttöku á sýningum út frá áherslu sinna landshluta.
  - Markaðs- og áfangastaðastofur og Íslandsstofa vinna sameiginlega að því að auka þátttöku fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins í vinnustofum og sýningum skv. samþykktu verklagi, t.a.m. með sameiginlegum kynningarfundi einu sinni á ári fyrir fyrirtæki á svæðinu.

Markaðs- og áfangastaðastofur og Íslandsstofa eiga tvo samráðsfundi á ári. Sá fyrri í upphafi árs þar sem farið verður yfir starfsáætlun og aðgerðir í kynningar- og markaðsmálum, og annan á seinni hluta árs þar sem framvinda og árangur samstarfsins er metin.

## 5.f. Aðrir helstu samstarfsaðilar Markaðsstofunnar

- Ferðaheildsalar – innlendir og erlendir
- Fræðsluaðilar; Fræðslumiðstöðvar, Þekkingarsetur, Framhaldsskólar, Háskólar, Háskólafélag Suðurlands, og Hæfnisetur Ferðaþjónustunnar og aðrir
- Klasar, þjóðgarðar og tengdar stofnanir á Suðurlandi; t.a.m. Katla Jarðvangur, Ríki Vatnajökuls, Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Umhverfisstofnun
- Rannsóknaraðilar; Rannsóknamiðstöð Ferðamála, Ferðamálastofa/Íslandsstofa, Háskólar, Hagstofan og aðrir
- Safetravel
- Samtök ferðaþjónustunnar, SAF
- Ráðuneyti
- Héraðsmiðlar, fjölmiðlar og fleiri
- Íslenski ferðaklasinn um ábyrga ferðaþjónustu, Startup tourism

# 6. Markaðsstarf

Eitt helsta hlutverk Markaðsstofu Suðurlands er að standa fyrir samræmdu og öflugu þróunar- og markaðsstarfi fyrir landshlutann með það að markmiði að laða til hans innlenda og erlenda gesti. Markaðsmál og markaðsaðgerðir MSS eru mjög viðamiklar og margir snertifletir sem þarf að huga að.

Áherslur Markaðsstofunnar í markaðssetningu áfangastaðarins Suðurlands miða að því að ná til ferðamannsins þegar hann er að láta sig dreyma og plana og hvetja hann til að bóka ásamt því að deila upplifunum.

## 6.a. Helstu markaðsaðgerðir ársins 2025

### *Vefsíðan south.is (sudurland.is)*

Stöðug vinna við efnisskköpun og uppfærslu sem og auka fjölda heimsókna inn á vefinn. Unnið að því að vinna nýja texta og uppfæra eldra textaefni m.a. með aðstoð gervigreindar (AI).

**Helstu verkefni:** Uppfærsla á efni fyrirtækja, blog, efnisskköpun fyrir þemu og sérverkefni, fréttir, viðburðir ásamt því að innri vefur Markaðsstofunnar verður uppfærður efnislega og Traveltrade síðan í sífelldri uppfærslu.

### *Samfélagsmiðlar*

Uppfærsla og þróun; unnið með Facebook, Instagram, YouTube, blogg og viðburði. Vinna að áframhaldandi vexti samfélagsmiðla í fylgjendum og efnisskköpun. Efnisvinnsla verður eftir því sem við á sem og nýting á efni sem nú þegar er til s.s. mynda og myndbanda á Brandcenter, kynningarmyndbanda og fleira. Nánar verður unnið með birtingaráætlun 2025 (í vinnslu).

**Helstu verkefni:** Taka saman og birta efni frá fyrirtækjum, viðburðum, af náttúru og afþreyingu eins og verið hefur auk þess að efla menningar- og matartengdar birtingar í tengslum við áhersluverkefni.

### *Brandcenter myndabankakerfi*

Unnið að áframhaldandi þróun efnis og lausnar til að auðvelda miðlun á myndefni bæði til ferðamanna, ferðaskrifstofa og innan landshlutans til samstarfsfyrirtækja og sveitarfélaga. Verður unnið í samstarfi við MAS.

**Helstu verkefni:** Merkja og flokka myndir og myndbönd, miðla efni til hlutaðeigandi aðila og fínpússa nýtingarmöguleika með eiganda lausnarinnar.

### *PR og áhrifavaldar*

Koma að skipulagningu ferða fyrir innlenda og erlenda blaðamenn og áhrifavalda auk þess að svara fyrirspurnum og skapa efni fyrir innlenda sem erlenda fjölmiðla.

**Helstu verkefni:** Svara og meta fyrirspurnir frá blaðamönnum og áhrifavöldum, skipulag ferða, samantekt efnisatriða og sögumöguleika auk samstarfs við Íslandsstofu (sjá nánar undir samstarf við Íslandsstofu).

### *Herferðir*

Erlend markaðssókn í kringum áherslur Suðurlands og Íslandsstofu. Auk þess að vinna efni til innanlandsmarkaðar í kringum t.d. vetrarfrí, páska, sumarfrí, haustfrí og jól. Nýta áfram efni um Eldfjallaleiðina auk þess að vinna efni um mat og menningu.



**Helstu verkefni:** aðstoð við mótun og miðlun erlendrar neytendamarkaðssetningar 2025, samskipti við aðila á svæðinu vegna viðburða og efnis sem tengjast fríum Íslendinga, taka saman efni um opnunartíma fyrirtækja um jól og áramót og fleira.

### *Sýningar og vinnustofur*

Mannamót verða haldin í ellefta skipti 16. janúar 2025. Auk þess mun MSS taka þátt í viðburðum innanlands og erlendis s.s. Mid-Atlantic í Reykjavík í jan/feb og Vestnorden á Akureyri í haust og fleiri viðburðum eftir stöðu fjármögnunar og hæfi. Vinna áfram greiningar á tækifærum á nýjum mörkuðum. Undirbúningur og framkvæmd Mannamóta 2026.

**Helstu verkefni:** undirbúningur sýninga og vinnustofa, vinna kynningar og efni til að miðla og auk innlendu sýninganna mun Markaðsstofan taka þátt í vinnustofum og/eða sýningum erlendis eftir því sem pláss og efni leyfa.

### *Viðskiptatengsl við ferðasala*

Stór hluti þátttöku í vinnustofu og sýningum er að afla viðskiptatengsla við ferðasala. Standa fyrir FAM kynningarferðum fyrir innlenda og erlenda aðila, halda kynningar, senda fréttabréf m.a. með fréttum af nýjungum á svæðinu og kynna verkfærakistu fyrir þá sem eru að selja Suðurland.

**Helstu verkefni:** Halda utan um tengiliði hverrar sýningar/vinnustofu, miðla efni í gegnum fréttabréf, nýta póstlista til kynningar á Mannamótum og miðla eins og við á tengiliðum til samstarfsfyrirtækja.

### *Efnisskköpun*

Unnið að áframahaldandi framleiðslu og söfnun efnis, jafnt myndbanda og mynda, sem nýtast munu til birtinga á samfélagsmiðlum og öðru vettvangi.

**Helstu verkefni:** starfsfólk aflar efnis í gegnum samstarfsaðila, efni keypt ef vantar inn, framleiðsla í kringum sérverkefni auk þess að fá efni frá áhrifavöldum sem starfað er með.

## 7. Innra starf MSS

Markaðsstofan vinnur stöðugt að því að þétta raðirnar innan Suðurlands og innan vinnustaðarins. Haldnir verða morgunfundir, aðalfundur með málþingi og árshátíð þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir Sprota ársins og Framlags til ferðaþjónustu, kynningar á uppfærðri áfangastaðaáætlun og Ferðaþjónustuvikan fer fram í annað sinn í jan 2025 í kringum Mannamót. Þá verður haldið áfram að gefa reglulega út fréttabréf og setja inn upplýsingar á vefsíðu. MSS mun eiga fulltrúa í ýmsum verkefnum, nefndum og ráðum ásamt því að sækja fundi eftir því sem við á. Sem dæmi um verkefni sem telja má til innra starfs.

- Morgunfundir Markaðsstofunnar.
- Aðalfundur, málþing, örferð og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands.
- Viðurkenningar: Sproti ársins og framlag til ferðaþjónustu.

- Kynningar á starfsemi Markaðsstofunnar.
- Kynningar á áfangastaðaáætlun.
- Kynningar á handbók um uppbyggingu ferðamannastaða sem miðuð er að sveitarfélögum.
- Fréttabréf til samstarfsaðila um starfsemina.
- Skrifa greinar og fréttir.
- Þátttaka í ýmsum fundum innan svæðis.
- Þátttaka í Ferðaþjónustuvikunni, Degi ferðaþjónustunnar, Ferðamálaþingi og mörgum fleiri fundum, ráðstefnum og viðburðum á vettvangi ferðaþjónustunnar.
- Tilnefningar til ýmissa viðurkenninga og verðlauna.
- Ráðgjöf til fyrirtækja t.d. um markaðsmál, ferðaþjónustu, nýsköpun og vöruþróun.
- Samskipti og öflun nýrra fyrirtækja í samstarf

Með fyrirvara um breytingar
des 2024/RS

# Fundargerð 79. fundar

## stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 26. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2502003SK**

   Á seinasta fundi stjórnar var samþykkt að óska eftir samtali við fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar til að ræða úrbætur í orkumálum. Gestur Pétursson forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar kom inn á fundinn undir þessum lið ásamt Hönnu Björgu Konráðsdóttur, Axel Michelsen, Jón Ásgeiri Haukdal Þorvaldssyni og Sigurði Friðleifssyni starfsfólki stofnunarinnar.

   Fulltrúar samtakanna gerðu grein fyrir verkefnum vetrarins, þar sem sérstaklega var fjallað um raforkuöryggi með áherslu á afhendingu og verðlag raforku. Fram kom að umgjörðin utan um núverandi niðurgreiðslukerfi sé barns síns tíma og ófullnægjandi og var ítrekað mikilvægi þess að breyta því kerfi. Lagði stjórn áherslu á að mikilvægt sé að fara strax í að bæta verklag og endurskoða umgjörðina í samræmi við nýjar aðstæður. Á sama tíma er mikilvægt að skoða hvað hægt sé að gera á hverju svæði til að tryggja sjálfbærni og stöðugleika í orkuframleiðslu. Jafnframt var komið inn á niðurgreiðslur til sveitarfélaga og hvaða möguleikar eru til staðar hvað það varðar.

   Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust þar sem ýmsar hugmyndir voru settar fram um hvernig hægt sé að bæta núverandi kerfi til að auka skilvirkni og raforkuöryggi.

   *Í lok fundar var ákveðið að samtökin fundi aftur með Umhverfis- og orkustofnun í vor til að fylgja málum eftir.*

Í lok fundar þakkaði formaður fulltrúum Umhverfis- og orkustofnunar fyrir góðan og gagnlegan fund.

Fundi var slitið kl. 09:00

# Fundargerð 81. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundir með ráðherrum - 2501005SO**

   Formaður sagði frá fundi með fjármála- og efnahagsráðherra er fór fram 7. febrúar sl. Á fundinn mættu f.h. samtakanna Ása Valdís Árnadóttir og Ísleifur Jónasson og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Arnar Þór Sævarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir.

   Vonir standa til að hægt verði að kynna vinnu við frumvarpsdrögin á Orkufundi samtakanna í vor en einnig þarf að halda áfram vinnu við að fá flutningsmannvirki raforku metin til fasteignaskatts.

   Samtökin hafa einnig óskað eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra en beðið er eftir viðbrögðum við þeim beiðnum.

   *Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fagnar því að unnið sé að frumvarpi um afnám undanþágu frá fasteignasköttum og að frumvarp verði lagt fyrir þing næsta haust. Afnám undanþágu frá fasteignasköttum hefur verið eitt af helstu markmiðum samtakanna frá stofnun þess 2011. Samtökin vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi með nýjum fjármála- og efnahagsráðherra.*

Guðjón Bragason ráðgjafi mætti á fundinn kl.9:40

2. **Frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála - flýtimeðferð og breyting á vatnshloti, 89. mál - óskað umsagnar - 2502001SO**

   Til umfjöllunar frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála en samtökin ásamt Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS) sendu frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þann 14. febrúar sl. þar sem fagnað var framkomnu frumvarpi.
   Samtökin í samstarfi við SSKS hafa fengið Guðjón Bragason ráðgjafa til að rita umsögn fyrir hönd beggja samtaka og mætti hann á fundinn til að fara yfir drög að umsögn.

*Stjórn fagnar yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála og samþykkja fyrirliggjandi drög að umsögn og vænta þess að málið verði afgreitt hratt frá Alþingi.*

Fundi var slitið kl. 10:30

# Hringvegur (1) Þjórsá - Selfoss
## Fundur Flóahrepp

| | |
|---|---|
| Verknúmer | SHU-0001d2S |
| Fundarstaður | Þingborg |
| Fundartími | 13:00-14:00 |

Fundarmenn

| Nafn | Fyrirtæki/Staða | Tölvupóstur |
|---|---|---|
| Hulda Kristjánsdóttir (HK) | Flóahreppur / Sveitastjóri | floahreppur@floahreppur.is |
| Árni Eiríksson (ÁE) | Flóahreppur / Oddviti | arni@floahreppur.is |
| Svanur G. Bjarnason (SVB) | Vegagerðin / Svæðisstjóri suðursvæðis | svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is |
| Jóhann I. Jóhannsson (JIJ) | Vegagerðin / Verkefnastjóri | johann.i.johannsson@vegagerdin.is |

Yfirstrikaðir aðilar í töflu voru boðaðir á fund en mættu ekki.



**Vegagerðin**

Fundarrritari
JIJ

Fundarmenn
Sjá töflu

## Inngangur

Vegagerðin boðar til ræsfundar með Flóahrepp fyrir verkefnið Hringvegur (1) Þjórsá – Selfoss.

Stutt lýsing á verkefninu má finna í þingsályktunartillögu að samgönguáætlun

**Hringvegur, Skeiðavegamót – Selfoss.**
Lagt er til að gerður verði 2+1 vegur með aðskildum akbrautum með vegriði og planvegamótum á milli Skeiðavegamóta og Selfoss. Gerðir verða hliðarvegir til að fækka tengingum í plani. Gert er ráð fyrir framkvæmdinni á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar.






### Dagskrá

1. Staða vegkaflans í dag
    a. Umferðartölur
    b. Slysatölur
2. Markmið verkefnis
3. Eldri hönnunarvinna
    a. 2+1 og skiptisvæði
    b. Hliðarvegir
    c. Hringtorg við Skeiðavegamót
4. Skipulagsmál
5. Tímalína
6. Önnur málefni

**Vegagerðin**

Fundarrritari
JIJ

Fundarmenn
Sjá töflu

Atriði í hornklofum ([]) komu ekki fram á fundi en eru talin viðeigandi viðbót við fundargerð.

0. Sjá kynningarglærur í viðhengi.

1. Staða vegkaflans í dag

1.0. Umferðartölur

1.0.1. Á vegkaflanum var ÁDU 5.800 við Skeiðavegamót og 6.700 við Selfoss.

1.0.2. Sýnd var efri líklegasta spá skv. *Spá um þróun heildaraksturs á þjóðvegakerfinu 2022-2070, Vegagerðin, maí 2023.* https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/umferdartolur/umferdarspar/spa-um-throun-heildaraksturs-a-thjodvegakerfinu-2022-2070

1.0.3. JIJ tekur fram að umferðaraukning á veghlutanum hefur verið meiri en almennt á landsvísu. Til að mynda hefur árleg aukning milli 21 og 22, ásamt 22 og 23 verið um 9%.

1.0.4. Sérstök umferðagreining verður gerð fyrir veghlutann í byrjun næsta árs.

1.0.5. Reglur Vegagerðarinnar miða við að ný mannvirki séu hönnuð miðað við þá umferð sem vænta má, 20 árum eftir opnun.

1.1. Slysatölur

1.1.1. Minnkandi slysatíðni frá 2000.

1.1.2. Slysatíðni hærri á kaflanum Skeiðavegamót – Selfoss

1.1.3. Áhrif þess að aðskilja akstursstefnur verður frekar útskýrt í frumdrögum.

2. Markmið verkefnis

2.0. Sjá glærur.

3. Hönnunarvinna

3.0. Almennt

3.0.1. Hönnunarstig Vegagerðarinnar eru þrjú: Frumdrög, forhönnun og verkhönnun. Í frumdrögum er miðað við að leggja fram fullnægjandi hönnun fyrir aðalskipulagsgerð. Í forhönnun er geometría frekar ákveðin og forsendur fyrir deiliskipulagsgerð liggja fyrir. Í Verkhönnun er hönnun kláruð fyrir framkvæmdaútboð.



Vegagerðin

Fundarritari
JIJ

Fundarmenn
Sjá töflu

3.0.2. Vegagerðin vinnur að undirbúningi að útboði frumdaga.

3.0.3. Frumdrög verða unnin árið 25-26, skv. tímalínu í glærum, pkt 5.

3.0.4. Frumdrög munu byggja á fyrri hönnun og nýjum forsendum sem liggja fyrir.

3.1. 2+1 og skiptisvæði.

3.1.1. Vegagerðin mun afhenda aftur 2+1 hönnun frá 2008

3.1.2. Mögulega verður skoðað að vera með 2+2, fer eftir umferðarspá.

3.2. Hliðarvegir

3.2.1. Vegagerðin mun afhenda aftur hliðarvegahönnun frá 2012

3.2.2. Hönnun verður höfð til hliðsjónar við gerð frumdraga á næsta ári

3.2.3. JIJ sýndi hönnun hliðarvega frá 2012. Ýmsar ábendingar komu fram á fundi og mun Flóahreppur fara nánar yfir hliðarvegi frá 2012 og koma með fyrstu aths m.t.t. nýjustu upplýsinga frá sveitafélaginu.

3.3. Hringtorg við Skeiðavegamót

3.3.1. Verður skoðað í forhönnunarfasa.

4. Skipulagsmál

4.0. Flóahreppur stefnir á að fá ráðgjafa í skipulagsvinnu við uppfærslu aðalskipulags. Tímalínur þess verkefnis og frumdraga falla því vel saman.

4.1. Þegar frumdrög liggja fyrir verður hægt að afhenda línur hliðarvega og nýrra gatnamóta inn í aðalskipulag.

4.2. Rætt um fjölda uppbyggingareita í núgildandi aðalskipulagi. JIJ nefnir kost þess að gera umferðalíkan fyrir svæðið til að fá góða mynd á umferðastrauma að þessum reitum.

5. Tímalína

5.0. Sjá glærur.

6. Önnur málefni



Vegagerðin

Fundarrritari
JIJ

Fundarmenn
Sjá töflu

6.0. Flóahreppur afhendir tengiliðalista og ábyrgðarhlutverk tengiliða.

6.1. Flóahreppur á sitt eigið ljósleiðarakerfi og afhendir CAD grunn af því kerfi.

6.2. Flóahreppur afhendir CAD grunn af vatnsveitu Flóahrepps og upplýsingum um fyrirhugaðar vatnsveitu framkvæmdir á vegum sveitafélagsins.

6.3. Vegagerðin hefur þegar sett sig í samband við eftirfarandi veitufyrirtæki varðandi verkefnið: Selfossveitur, Landsnet, Hitaveitu Hraungerðishrepps, Hitaveitu Áshildarmýrar og Mílu. [Eftir á að hafa samband við Rarik].

6.4. JIJ bendir á að Selfossveitur hafa nefnt við Vegagerðina að mögulega komi til þess að stofn frá Selfossveitum muni ná að/þvera Hringveg við vestari verkmörk.

6.5. HK kallar eftir viðbrögðum við tilboði um kaup á eldra húsi Þingborgar. SVB skoðar.

Verkefnalisti.

| Verkefni | Ábyrgð |
|---|---|
| Senda upplýsingar um núverandi ljósleiðarakerfi og fyrirhugaðar framkvæmdir tengdar ljósleiðarakerfis | HK |
| Senda upplýsingar um núverandi vatnsveitukerfi og fyrirhugaðar framkvæmdir tengdar vatnsveitukerfi | HK |
| Senda tengiliðalista sveitafélags og ábyrgðarhlutverk | HK |
| Senda eldri hönnunarvinnu | JIJ |
| [Hafa samband við RARIK] | [JIJ] |
| Skoða tilboð í Þingborg | SVB |



Vegagerðin

Fundarrritari
JIJ

Fundarmenn
Sjá töflu

04.12.2024

# Hringvegur (1) Þjórsá - Selfoss

**Ræsfundur með Flóahreppi**

Jóhann Ingi Jóhannsson - Verkefnastjóri



# 1. Staða vegkaflans í dag - Umferðartölur




Forsendur

- Umferðatalningar 2021, 2022 og 2023
- Umferðaspá frá 2023 til 2060 byggt á „efri líklegustu spá“ um þróun heildaraksturs í þjóðvegakerfinu, Vegagerðin, maí 2023
- Ítarlegri umferðaspá verður unnin fyrir verkefnið í byrjun árs 2025.

# 1. Staða vegkaflans í dag - Slysatölur

Skeiðavegamót - Selfoss




Þjórsá - Skeiðavegamót




Slysatíðni er sýnd. Fjöldi slysa á milljón ekinna km.

# 2. Markmið verkefnis

**Markmið verkefna Vegagerðarinnar byggja á vegalögum í grunninn. Þar má m.a. finna kröfur um greiðfærni, öryggi og hagkvæmni ásamt samræmi við skipulagsyfirvöld.**

Sérstök markmið í þessu verkefni eru eftirfarandi:

1. Aukið umferðaröryggi
2. Að umferðarrýmd vegar anni eftirspurn í samræmi við umferðarspá

# 2. Markmið verkefnis – Aðgerðir til að ná markmiðum

Markmið verkefna Vegagerðarinnar byggja á vegalögum í grunninn. Þar má m.a. finna kröfur um greiðfærni, öryggi og hagkvæmni ásamt samræmi við skipulagsyfirvöld.

# 2. Markmið verkefnis – Aðgerðir til að ná markmiðum

- → Aðskilaður akstursstefna
- → Stígaþveranir undir stofnbrautir.
- → Fækkun gatnamóta á Hringvegi. Lagning hliðarvega sem fækka tengingum í plani beint inn á Hringveg
- → Breikkun vegar
- → Fjölgun akreina
- → Beina óvörðum vegfarendum frá Hringvegi, frekar á hliðarvegi

# 3. Hönnun - Eldri hönnunarvinna – 2+1 og skiptisvæði

- → 2+1 vegur hannaður 2008 frá Markarfljóti að Selfoss
- → Hliðarvegir útfærðir nánar 2012 í frumdrögum Vegagerðarinnar
- → Hringtorg við Skeiðavegamót

# 3. Hönnun

→ Útfærsla breikkunar, tegund sniðs

→ Fjöldi og útfærsla gatnamóta

→ Valkostagreining

→ Arðsemismat

# 4. Skipulagsmál

- → Að frumdrögum loknum þarf að taka saman nauðsynlegar aðalskipulagsbreytingar.
  - → Hliðarvegir
  - → Gatnamót
- → Taka frá pláss fyrir 2+2 og mislæg gatnamót við Skeiðavegamót
- → Þjónustukjarni við Skeiðavegamót

# 5. Tímalína




- → MÁU óljóst, ekki endilega matsskylt, verður kannað nánar 2025
- → Framkvæmdir gætu hafist 2034, búist við 5 ára framkvæmdatíma. Líklega verður verkið áfangaskipt.

# 5. Önnur málefni

- → Vegagerðin hefur hafið samtal við veitufyrirtæki
- → Tengiliðir sveitafélagsins í framhaldinu?
  - → Aðkoma Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita Árnessýslu?
- → Gögn frá sveitafélagi
  - → CAD af Vatnsveitu Flóahrepps
  - → Hjólreiðaleiðir, hafa þær verið kortlagðar í sveitafélaginu?
  - → Framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð, er hún til?

# 6. Umræður